

Bubbi reki honum kinnhest



Fatabransinn algjör svínastía



Pú færð okkar besta verð á tm.is

TM

Lífið > 36

Lífið > 38

FRÉTTABLAÐIÐ

62. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍDVIKUDAGUR 30. MARS 2022



Olena og börn hennar, Nadiía, Khrištjena og Roman, eru úkraínkir flóttamenn í bænum Medyka í Póllandi þar sem hjálparbúðum hefur verið komið upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/SITRYGGUR ARI

Bretar fjárfesta meira í Dohop

NÝSKÖPUN Ferðateknifyrirtækið Dohop hefur tryggt frekari fjármögnun frá breska vísisjóðnum Scottish Equity Partners. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur sjóðurinn fjárfest fyrir samanlagt um tvo milljarða í íslenska fyrirtækinu á tæplega tveimur árum.

Dohop þróar hugbúnað fyrir flugfélög sem hjálpar þeim að selja tengiflug með öðrum flugfélögum. Á meðal viðskiptavina eru easyJet, Air France, Transavia og Eurowings. **SJÁ SIÐU 8**



Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop

Úkraínnumenn snúa aftur

Sjálfbodaliðar í pólska bænum Medyka við landamæri Úkraínu segja að fólk sem áður flúði sé að snúa aftur. Aukin von er um að stríðið endi vel.

bth@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Margt bendir til að varnir Úkraínnumanna og mjög öflug andstaða sem hamlar framgangi Rússa í innrásinni hafi kveikt vonir meðal íbúa landsins um að hægt verði að búa áfram í landinu. Mörg dæmi eru um að fólk sem hafði flúið hafi snúið aftur heim.

Eric Nejboer, kanadískur sjálfbodaliði sem starfar fyrir skosku hjálparamtökin, Siobhan's Trust við landamæri Póllands og Úkraínu, í búðum sem reistar hafa verið til björgunar flóttafólki, segir að síðustu daga hafi þvert á það sem hann



Kannski er meiri von hjá fólkinu nú en var.

Eric Nejboer, kanadískur sjálfbodaliði

hafi sjálfur búist við töluverður fjöldi fólks snúið aftur til Úkraínu.

„Þetta kemur töluvert á óvart. Kannski er meiri von hjá fólkinu nú en var,“ sagði Nejboer í samtali við Fréttablaðið í gær á landamærunum

þar sem hann útteildi samlokum til flóttafólksins.

Hann giskar á að 15 prósent umferðar um landamærin við Medyka sé nú fólk sem fer frá Póllandi til Úkraínu. 85 prósent séu á flóttu. Fyrir nokkrum vikum hafi straumurinn nánast verið allur í aðra áttina. Fleira björgunarfolk á svæðinu tók undir þetta.


Þá ræddi Fréttablaðið við Ivan Lídovskij, sem var að snúa aftur í úkraínska herinn. Hann flutti ungur burt og stundaði vinnu um áratuga skeið í Þýskalandi og í Ástralíu. Hann sagðist hafa verið í úkraínska hernum sem ungur maður. Þótt hann væri á sextugsaldri væri það skylda hans að snúa aftur.

„Úkraína mun vinna þetta stríð eins og öll fyrri stríð þegar að okkur hefur verið sótt,“ sagði Ivan Lídovskij. **SJÁ SIÐU 6**

Skuldir ríkisins vaxa áfram

EFNAHAGSMÁL Ríkisfjármálaáætlun 2023-2027, sem kynnt var í gær, byggir á því að hagvöxtur leiði til þess að skuldahlutfall ríkisins fari ekki yfir 44 prósent. Tugmilljarða halli er áætlaður í lok tímabilsins og skuldir ríkisins halda áfram að vaxa.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að framleiðslu-slakinn í hagkerfinu sé horfinn. Sveitarfélögin verði að bera ábyrgð á kjarasamningum sínum, ríkið og opinberir aðilar megi ekki vera leiðandi í launapróun. **SJÁ SIÐU 4**



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

2-3 DAGA AFHENDING

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

MID SEASON SALE ALLT AÐ 50%

Ræddi við Finna um stríð og orku

benediktarnar@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra er stödd í Helsinki til þess að halda upp á 75 ára stjórnálasamband Íslands og Finnlands.

Þar fundaði hún með Pekka Haavisto, utanríkisráðherra Finnlands, og ræddu þau meðal annars samstarfstækifæri í grænum orkulausnum og stríðið í Úkraínu.



Stjórnálasambandi milli Íslands og Finnlands var komið á fót árið 1947.

„Það er ákaflega ánægjulegt að fagna 75 ára stjórnálasambandi Íslands og Finnlands. Löndin eiga í nánun samstarfi á ýmsum sviðum og til staðar eru fjölmörg tækifæri til að styrkja og dýpka sambandið enn frekar,“ sagði Þórdís.

Einnig hitti Þórdís Kolbrún forseta Finnlands, Sauli Niinistö, í sendiherrabústað Íslands í Helsinki þar sem haldið var upp á stjórnálasambandsafmælið. ■

Landsbankinn klæddur stuðlabergi



Nýbygging Landsbankans við Austurbakka klædd með stuðlabergi. Hönnunin er samvinnuverkefni danskra og íslenskra arkitekta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekki vitað um skólavist fjörutíu barna

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Ekki er vitað hvar 40 börn með lögheimili í Reykjavík eru með skólavist. Þetta kemur fram í svari Helga Grimssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs, en ráðið fundaði í síðustu viku.

Flokkur fólksins lagði fram fyrirspurn um málið í september og segir í svari að í mars hafi, samkvæmt Þjóðskrá Íslands, 15.534 börn á grunnskólaaldri verið með lögheimili í Reykjavík. Þar af stunda 13.812 nemendur nám í almennum grunnskólum, 104 í sérskólunum tveimur Klettaskóla og Brúarskóla og 759 í sjálfstætt reknum grunnskólum.

Um 300 börn stunda nám í almennum skólum í öðrum sveitarfélögum og í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur eru samtals 119 reykvisk börn við nám, þar af 12 í sjálfstætt reknum sérskóla.

Ellefu börn eru útskrifuð eða ekki byrjuð í grunnskóla. 374 eru staðsett



Það vantar 40 börn í skólakerfið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

erlendis. Eftir standa 40 börn sem ekki er vitað hvar eru með skólavist.

Ráðið leitar að börnunum með því að skoða skráningarkerfið sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að, sendir bréf á lögheimili fjölskyldanna og haft er samband við foreldra í gegnum síma ef símanúmer liggja fyrir. Einnig er aflað upplýsinga frá Þjóðskrá. Beri leit ekki árangur eru mál tilkynnt Barnavernd Reykjavíkur. ■

Segja þroskahamlað fólk fá færri tækifæri til mennta

Ráðstefna um menntun og tækifæri fatlaðs fólks fer fram í dag. Þórir Gunnarsson og Anna Rósa Þrastardóttir segja ósanngjarnt að þau fái ekki sömu tækifæri og annað fólk, þau dreymi bæði um að mennta sig á háskólastigi.

birnadrofn@frettabladid.is


MENNTAMÁL Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmennatar, segir ekki mörg tækifæri til menntunar í boði fyrir fatlað fólk sem náð hefur 20 ára aldri. Í dag fer fram ráðstefnan Nám er fyrir okkur öll sem haldin er af Fjölmennat og þar verður fjallað um menntun og tækifæri fatlaðs fólks.

„Núna gefst öllum kostur á að fara í framhaldsskóla en að honum loknum eru tækifærin ekki mörg fyrir fatlað fólk,“ segir Helga. „Árið 1996 voru opnaðar starfsbrautir fyrir fatlaða í framhaldsskólum en gerðar voru athugasemdir við það hvað þessi hópur hefði að gera í framhaldsskóla. Nú held ég að engum dytti í hug að gera athugasemd við það, svo það er kominn tími til að taka næsta skref.“

Samkvæmt íslenskum lögum á fatlað fólk rétt til náms með viðeigandi stuðningi og í Háskóla Íslands er í boði starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Helga segir valkostina þó ekki fullnægjandi, til að mynda sé ekki í boði fyrir þann hóp að fara í almennt háskólanám eða í iðnnám.

Þórir Gunnarsson myndlistarmaður og Anna Rósa Þrastardóttir, nemi í Fjölbautaskólanum í Breiðholti (FB), munu bæði fjalla um reynslu sína af skólakerfinu og þau tækifæri sem þeim standa til boða á ráðstefnunni í dag en Þórir og Anna Rósa eru bæði fötluð.

Anna Rósa segist kunna vel við sig í náminu í FB og langa að fara í



Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmennatar, Þórir Gunnarsson og Anna Rósa Þrastardóttir eru öll sammála um að fatlað fólk hafi ekki jöfn tækifæri til náms og aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Af því ég er fatlaður þá vilja þau ekki hleypta mér inn og mér finnst það ekki sanngjarnt.

Þórir Gunnarsson, myndlistarmaður

háskóla. „Mig langar að læra eitt-hvað tengt íþróttum, sundi eða bókum en ég er nýfarinn að lesa mjög mikið,“ segir hún.

„Ég heyri fólk tala um að ég hafi ekki tækifæri og að eftir framhaldsskóla sé ekkert meira og mér finnst það ósanngjarnt,“ bætir Anna Rósa við.

Gunnar er myndlistarmaður

sem selt hefur fjölda verka og er vel þekktur undir listamannsnafninu Listapúkinn. Hann hefur meðal annars hlotið nafnbótina bæjarlistamaður Mosfellsbæjar og langar að mennta sig í myndlist.

„Ég sótti um í Listaháskóla Íslands árið 2021 og komst ekki inn,“ segir Gunnar. „Þau buðu mér í viðtal en af því ég er ekki stúdent átti ég að skrifa ritgerð og ég sagði bara nei,“ bæti hann við.

Hann segir ritgerðarmið ekki sína sterkustu hlið og telur að ekki hafi verið tekið tillit til fötlunar hans. „Ef þetta hefði ekki verið fötluð manneskja held ég að henni hefði verið hleypt inn en af því ég er fatlaður þá vilja þau ekki hleypta mér inn og mér finnst það ekki sanngjarnt,“ segir Gunnar sem ætlar að sækja aftur um í ár.

Þau segjast bæði vel treysta sér í nám en þurfa að öllum líkindum aukinn stuðning. „Það ætti ekki að vera mikið mál að bregðast við því,“ segir Helga. ■

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

IGNIS 4X4

HYBRID

VERÐ KR.

3.560.000



SUZUKI
5
ÁRA
ÁBYRGÐ

Fjór hjóladrifið og 18 sentimetra veghæð gera Suzuki Ignis Hybrid næstum óstöðvandi. Suzuki Ignis er líka ótrúlega rúmgóður, sparneytinn og lipur.

Komdu í heimsókn og reynsluaktu Suzuki Ignis Hybrid 4x4.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Kaldar kveðjur stjórnámamanna til landsliða landsins

benediktboas@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR „Þetta er bara eins og að vera sleginn niður, að fá svona kaldar kveðjur. Ég er í raun bara gapandi hissa á þeim skilaboðum sem ríkisstjórnin er að senda til okkar,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, um að ekki sé gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í fjármálaætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023-2027.

Hannes bendir á að mikil vinna hafi átt sér stað og tveir síðustu ráðherrar íþróttamála hafi skipað

nefndir sem hafa skilað af sér ítarlegum skýrslum en í áætluninni er sagt að þessi áform séu á byrjunarstigi og endanlegt umfang framkvæmdanna liggja ekki fyrir. Undir það tekur Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, en í áætluninni er sagt að málið sé á byrjunarreit.

Hannes og Vanda segja að ráðherra íþróttamála hafi verið yfirlýsingaglaður eftir að hann tók við um að það yrði farið í byggingu núna á þessu kjörtímabili.

„Það virðist því miður vera staðreyndin að ríkisstjórnin sé ekki



Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ

samtíga í þessu máli og það eru vonbrigði,“ segir Hannes.

Vanda segir að það sé verið að setja landsliðin til hliðar. „Þessar vanefndir sviða, svo ekki sé meira sagt, því ekki er hægt að skilja þetta

öðruvísi en að málefni landsliðanna okkar í knattspyrnu og fjölmörgum öðrum íþróttagreinum séu hér sett í uppnám.“

Bæði Hannes og Vanda benda á að alþjóðasambönd þeirra, FIBA og FIFA, séu að missa þolinmæðina. „Við höfum lofað FIBA fréttum um raunhæfa áætlun um byggingu þjóðarleikvangs í síðasta lagi í vor. Það getum við ekki eins og staðan er núna,“ segir Hannes. Vanda segist hafa verið bjartsýn á að geta svarað UEFA með jákvæðum tóni. „Við fengum bréf frá þeim um daginn

þar sem við vorum krafinn svara um áætlanir um uppbyggingu á nýjum velli. Ég var svo bjartsýn, eftir samtöl við ráðamenn, að við gætum svarað þessu bréfi með jákvæðum fréttum en miðað við þessa niðurstöðu hef ég virkilegar áhyggjur af heimaleikjum okkar í náninni framtíð,“ bendir Vanda á.

Hannes segir að landsliðsfólk eigi betra skilið.

„Íþróttahreyfingin og okkar öflug landsliðsfólk á mun meira skilið frá þeim sem stýra landinu okkar,“ segir Hannes. ■



Leikskólinn Jörfi við Hæðargarð.

Fæturnir þungir á bensínjöfni við Hæðargarð

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Borið hefur á því að bílstjórar auki hraðann mikið á milli hraðahindrana og taki jafnvel fram úr bifreiðum sem keyra á löglegum hraða,“ segir í bréfi stjórnar foreldrafélags Breiðagerðisskóla til Íbúaráðs Háaleitis og Bústaða vegna stórhættu sem skapast á hverjum degi við skólann og leikskólann Jörfa við Hæðargarð.

Íbúaráðið tekur heils hugar undir bréfið og hvetur ráðið skipulags- og samgönguráð borgarinnar til að taka erindið til greina hið fyrsta og beita sér fyrir auknu umferðaröryggi.

Segir í bókun ráðsins að of mikill hraði sé í götunni en í bréfinu er bent á að hámarkshraði í Hæðargarði sé 30 kílómetrar á klukkustund en gatan er notuð sem gegnumakstursleið, einkum þegar umferð er mikil á Bústaðavegi. Hafa mælingar lögreglu sýnt að um það bil helmingur ökumanna keyrir of hratt.

„Öryggi gangandi vegfarenda hlýtur að vega þyngra en hagsmunir ökumanna af því að komast örlítið hraðar á milli stada,“ segir í bréfinu. Lausnin gæti verið að bæta við hraðahindrunum og fleiri þrengingum eða jafnvel loka götunni við leikskólann Jörfa. ■

Tæplega tvö hundruð milljarða halli

Ríkisfjármálaáætlun 2023 til 2027, sem kynnt var í gær, byggir á því að hagvöxtur leiði til þess að skuldahlutfall ríkisins fari ekki yfir 44 prósent á tímabilinu. Tugmilljarða rekstrarhalli er áætlaður á ríkissjóði í lok tímabilsins. Stjórnarandstaðan lýsir miklum vonbrigðum.

olafur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Halli ríkissjóðs er áætlaður 183 milljarðar á þessu ári en í áætluninni er gert ráð fyrir að hann verði kominn niður í 34 milljarða árið 2027.

Í máli Bjarna við kynningu áætlunarinnar kom fram að framleiðslulakinn í hagkerfinu væri horfinn og því yrði fjármálum hins opinbera beitt til að draga úr eftirspurn en ekki auka hana, eins og verið hefur undanfarin tvö ár.

Afkomubati hins opinbera miðað við síðustu fjármálaáætlun í fyrra er áætlaður samtals 231 milljarðar á tímabilinu, sem fer nærri því að vera heildarverðmæti Íslandsbanka samkvæmt gengi hans í kauphöllinni.

Skuldir ríkisins halda áfram að vaxa en gert er ráð fyrir að skuldahlutfallið hækki ekki yfir 44 prósent á tímabilinu. Í síðustu fjármálaáætlun var gert ráð fyrir að skuldahlutfallið myndi fara vel yfir 50 prósent og í fjármálaáætlun frá 2020 sem gildi fyrir árin 2021 til 2025 var gert ráð fyrir að hlutfallið færi í 60 prósent.

Samkvæmt fjármálaáætlun hyggst ríkið setja nýtt fjármagn í ýmis verkefni á tímabili hennar, meðal annars 25 milljarða til að viðhalda stuðningi við rannsóknir og nýsköpun og 22 milljarða aukningu til verkefna tengdra byggingu nýs Landspítala, meðal annars vegna



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti Ríkisfjármálaáætlun 2023-2027 á blaðamannafundi í fjármálaráðuneytinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Sigt undir fölsku flaggi

Krístur Frostadóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, segir skautað fram hjá áhættunni af mikilli verðbólgu í ríkisfjármálaáætluninni. Ákveðin hópar séu viðkvæmir fyrir henni.

Hún segir umfang hins opinbera sem hlutfalls af hagkerfinu verða það lægsta á öldinni á öldinni í lok þessa tímabils. Markvisst sé verið að draga úr umfangi ríkisins en siglt undir fölsku velferðarflaggi.

Hún segir erfitt að reka norrænt velferðarriki vegna þess að tekjuhlið ríkisins sé brostin, en það sé pólitísk ákvörðun sem endurspeglar í fjármálaáætluninni. Ekki sé hægt að hafa bæði lága skatta og hátt velferðarþjónustustig.

tækjakaupa. Þá er fyrirhuguð 3,2 milljarða aukning til geðheilbrigðismála og 3 milljarðar til að vinna gegn félagslegum- og heilsufarslegum langtímaáhrifum kórónaveirufaraldursins

Helstu fjárfestingar á tíma fjármálaáætlunarinnar eru 139 milljarðar til samgönguframkvæmda, 135 milljarðar til rannsókna og nýsköpunarmála og 90 milljarðar

í byggingu nýs Landspítala. Ekki eru þó öll framlög til rannsókna og nýsköpunarmála talin til fjárfestingar ríkissjóðs samkvæmt þjóðhagsreikningum.

Bjarni boðaði skattlagningu á notkun rafbíla í vegakerfinu á næsta ári og að þessi endurskoðun skattlagningar á ökutæki auki tekjur ríkissjóðs um 0,8 prósent af vergri landsframleiðslu í lok tímabilsins.

Í samtali við Fréttablaðið eftir kynninguna sagði Bjarni að miðað væri við að lokið yrði við að selja allan hlut ríkisins í Íslandsbanka fyrir lok næsta árs. Hann sér fyrir sér að til lengri tíma verði ríkið kjölfestuhluthafi í Landsbankanum til að tryggja að höfuðstöðvar hans verði ávallt hér á landi.

Bjarni segir engin áform vera um tímabundna lækkun eldsneytisgjalda vegna mikilla hækkana á heimsmörkuðum. Verði sú hækkun til langframa verði nauðsynlegt að taka tillit til þess.

Hann sagði hallarekstur sveitarfélaga áhyggjuefni, ríkið væri í samtali við þau um stóra útgjaldaliði sem tengjast yfirfærslu verkefna og tekjuskiptingu vegna þeirra.

Bjarni segir sveitarfélögin verða að bera ábyrgð á kjarasamningum sínum, 25 prósent hækkun launa á árunum 2019 til 2021 sé ósjálfbær. Hann segir að ríkið og opinberir aðilar megi ekki vera leiðandi í launaþróun í landinu. ■

MARKAÐURINN



Markaðurinn


Miðvikudaga kl. 19.00.

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



HRINGBRAUT

Skrúfum fyrir sóun



Málþing um bætta orkunýtingu í byggingum

Bæjarhálsi 1, fimmtudaginn 31. mars kl. 10–13

Löngum hefur verið litið á hitann í iðrum jarðar sem ótæmandi auðlind, en sú er ekki raunin. Umgangast þarf jarðhitann með sjálfbærni að leiðarljósi og áherslu á að nýta ekki meira en þörf er á. Veitur og Grænni byggð standa fyrir málþinginu þar sem fjallað verður um hvernig hægt sé að stuðla að bættri orkunotkun í húsbyggingum, og m.a. farið yfir reglugerðir, hönnun og lausnir. Á málþinginu gefst tækifæri fyrir framleiðendur, hönnuði, byggingafélög og verktaka til að hittast og fræðast.

Ábyrg auðlindanýting – Framtíðarsýn framleiðanda

Egill Maron Þorbergsson – Veitur

Rammar og reglugerðir varðandi orkunotkun í byggingum

Pórhildur Fjóra Kristjánsdóttir – EFLA

Byggingum grænni framtíð – Aðgerðir um orkunýtni

Póra Margrét Þorgeirsdóttir – HMS

Hvernig hannar maður orkunýtið hús? – Holmen sundhöllin

Aðalsteinn Snorrason – Arkís

Staðan á markaði – Lausnir

Magnús Sigfússon – Steinull

Notkun hugbúnaðar/gervigreindar/snjallkerfa til að lágmarka varmanotkun

Oddgeir Guðmundsson – Danfoss

Kaffihlé

Orkunotkun bygginga í rekstri – Ávinningur eigenda/rekstraraðila

Sunna Hrönn Sigmarsdóttir – Reginn

Orkuútreikningar, byggingarreglugerð og Breeam krafa – Hver er ávinningurinn?

Bjartur Guangze Hu – VSÓ Ráðgjöf

Sambætting LCA og LCC fyrir ákvarðanatökur í BREEAM vottuðum byggingum

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir – Reykjavíkurborg

Raundæmi um hvernig endurbætur á íbúðarhúsnæði geta lækkað heitavatns- og rafmagnsnotkun

Þorleikur Jóhannesson – Verkís

Ráðstefnan er öllum opin – hlökkum til að sjá þig

Viðburðinum verður streymt á Facebook-síðu Veitna

Vonast til að sigra flokk Orbán í þingkosningum

benediktarnar@frettabladid.is

UNGVERJALAND Þingkosningar í Ungverjalandi fara fram sunnudaginn 3. apríl. Talið er að kosningarnar gætu haft mikil áhrif á gjörvalla Evrópu.

Forsætisráðherra Ungverjalands, Viktor Orbán, hefur verið við völd síðastliðin tólf ár, en það eru sex aðrir flokkar sem sækjast eftir plássi á ungerska þinginu. Helsta ógn við Orbán og flokk hans, Fidesz-flokkinn, er fylkingin United for Hungary og leiðtogi hennar Peter Marki-Zay.

12

Viktor Orbán hefur verið forsætisráðherra Ungverjalands síðustu 12 ár.

United for Hungary er samfylking sex flokka, bæði hægri og vinstra megin í pólitík, sem leiða saman hesta sína í komandi kosningum. Markmiðið er skýrt: að sigra Orbán.

Í skoðanakönnunum mælist Fidesz-flokkurinn með 41 prósent fylgi, á meðan Peter Marki-Zay og United for Hungary eru með 39 prósent fylgi.

Undanfarin ár hefur ríkisstjórn Orbán staðið í ströngu varðandi hin ýmsu málefni sem tengjast Evrópusambandinu og hefur til mynda hugtakið „Huxit“ verið notað um mögulega útgöngu Ungverjalands úr sambandinu.

Um 20 þúsund sjálfboðaliðar hafa boðið sig fram sem eftirlitsmenn til að fylgjast með kosningunum og mun Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu einnig fylgjast náið með þeim. ■

Börnin niðurbrotin eftir loftárásir

■Fréttablaðið í Póllandi



Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is



Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur
@frettabladid.is

Fréttablaðið ræðir við fólk og sjálfboðaliða hjálparstarfs í Medyka. Vonin leynist í hjörtum sumra sem koma gangandi yfir landamærin en hjörtu barnanna eru full af sársauka.

ÚKRAÍNA Engin orð fá lýst þeirri reynslu að heimsækja hjálparbúðirnar sem komið hefur verið upp við 2.800 íbúa bæ, Medyka, sunnarlega í Póllandi, um 500 kílómetra frá Varsjá.

Skömmu eftir að ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins fóru ásamt túlki sem talar úkraínsku til Medyka í gærmorgun, hófst dagleg holskefla flóttamanna sem komu gangandi yfir landamærin, frá Úkraínu til Póllands. Þó bar svo við í gær að umferðin var ekki öll í eina átt. Hjálparstarfsmenn sem rætt var við sögðu að breyting hefði orðið, Úkraínnum væru að snúa til baka. Áætluðu sumir að um 15 prósent þeirra sem fara nú yfir landamærin fari frá Póllandi yfir til Úkraínu. Í allmörgum tilfellum fólk sem hafði flúið en snýr nú til baka.

Vonin var svo sannarlega til staðar í Medyka en meira fór þó fyrir sorginni og áföllunum. Olena, sem þorði ekki að gefa upp eigið ættarnafn, lýsti áfallastreituröskun Nadiíu, þriggja ára dóttur sinnar, sem hún tók með sér ásamt tveimur öðrum börnum sínum, Khrijsjtjenu og Roman. Nadiíu litla kiptist við og fékk ofsafengin grátköst ef hún heyrði hljóð sem henni fundust torkennileg. Að sögn móður hennar vegna þess að þau höfðust vikum saman við í kjallara undir sprengju-regni. Óþekkt hljóð er í huga Nadiíu litlu fyrirboði hryllings.

Margar aðrar fjölskyldur lýstu svipaðri reynslu, margir frá Kænugarði og nokkrir frá Reesow. Fólk sagðist þakklátt fyrir hlýju móttökurnar sem hjálparstarfsmenn veita um leið og það gengur yfir til Póllands, en tár runnu þegar spurt var um áfangastað. Hann var í mörgum tilvikum algjörlega óljós. Sumir




Hjálparbúðum hefur verið komið upp í bænum Medyka.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Nadiíu litla kiptist við og fékk ofsafengin grátköst ef hún heyrði hljóð sem henni fundust torkennileg.



Fréttablaðið ræddi við Olenu sem þorði ekki að gefa upp ættarnafn sitt.

höfðu von um vist í einhverju landi vegna tengsla eða kunningsskapar.

Fordæmalaust er að Úkraínnum geti farið yfir landamæri um víðan völl án áritunar. ESB ákvað eftir innrásina að liðka til með þessum hætti og einstaklingar láta ekki sitt eftir liggja og streyma að landamæraströðvunum úr öllum áttum þeim milljónum til björgunar sem nú eru landlausir.

Fram kom hjá Úkraínnum

í búðunum að hjálparstarf Rauða krossins hefði hafist of seint eftir innrásina. Sumir gagnrýndu enn fremur að Rauði krossinn væri í viðræðum við Rússa um opnanir og tilslakanir.

Áætlað er að um 11 milljónir Úkraínnumanna séu nú á flotta vegna innrásar Moskvaflanna eins og þeir í búðunum í gær vildu kalla rússneska herinn sem drepið hefur þúsundir landa þeirra. ■



ÚRVAL ÚTSÝN

MALLORCA

SUMARSÓL Á ALCUDIA OG PLAYA DE PALMA

17-24. JÚNÍ

A10 SOL DE ALCUDIA 3*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ **97.900 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

17-24. JÚNÍ

FONTANELLAS PLAYA 4*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERB. OG SJÁVARSÝN

VERÐ FRÁ **106.500 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR

ÚRVAL ÚTSÝN
585 4000
WWW.UU.IS
INFO@UU.IS



Erdogan Tyrklandsforseti ávarpar samningamennina.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Traust gagnvart Rússum lítið

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Úkraínnumenn og Rússar funduðu í fjóra tíma í Ístanbul í gær. Viðræðurnar eru í boði Recep Erdogan Tyrklandsforseta. Meðal viðstaddra er Roman Abramovítsj, hinn rússneski auðjafur og eigandi knattspyrnuliðsins Chelsea.

Mikil spennan ríkir á fundinum en blaðið Wall Street Journal greindi frá því að Abramovítsj og tveir úkraínkir samningamenn hefðu orðið fyrir eitrun eftir viðræður þann 3. mars. Einkennin væru útbrot og rauð augu. Dmitrij Peskov, talsmaður Pútíns Rússlandsforseta, þrætti fyrir fréttina en Dmíjtro Kúleba, utanríkisráðherra Úkraínu, ráðlagði sínu fólk að sleppa því að borða og drekka við samningaborðið.

Úkraínnumenn og Vesturveldin hafa takmarkaðar væntingar til friðarviðræðanna, einkum vegna þess hversu lítið traust ríkir í garð Rússa. Lítið hefur hins vegar lekið úr

viðræðunum og hlutverk Abramovítsj er ekki vitað. Abramovítsj er ekki hluti af rússnesku sendinefndinni og gæti því verið einhvers konar málamiðlari, en hann hefur tengsl við bæði lönd þar sem móðir hans var úkraínsk.

Rússar lýstu því yfir í gær að þeir myndu draga úr árásum við höfuðborgina Kænugarð og borgina Tjerníhív í norðri, en hún hefur verið umkringd rússneskum hermönnum. Að sögn Kremlar er þetta gert til þess að auka traust milli Rússa og Úkraínnumanna í friðarviðræðunum en Úkraínnumenn hafa takmarkaða trú á að þetta haldi. Hafa ber í huga hernaður Rússa við Kænugarð hefur gengið mjög illa og nýlega hafa Úkraínnumenn tekið tvær litlar borgir austan við hana.

Deilur Rússa við Vesturveldin og NATO aukast áfram. Í gær voru sendiherrar Rússa í Eystasaltlöndunum kallaðir heim og tilkynnt að diplómátsku sambandi væri slit. ■



1.499 kr.

Stökk Zinger-kjúklingabringa, ostur, kál, Sweet Chili-sósa og funheit Supercharger-sósa

KFC

1.999 kr.

Zinger Supercharger, 3 Hot Wings, franskar, gos og Hraun

Skoðun

Helgi Vífill
Júliússon

Salan gekk vel

Útboð ríkisins á 22,5 prósentu hlut í Íslandsbanka á dögnum var vel heppnað. Það tókst að gæta jafnvægis á milli verðs og magns. Verðið var 60 prósentum hærra en í frumútboði í júní þrátt fyrir að mikil óvissa ríki í efnahagslífinu og því um að gera að sæta færir.

Hefði hlutfjárútboðið verið stækkað enn frekar – eins og sumir fagfjárfestar kölluðu eftir með það fyrir augum að hreppa fleiri hlutabréf í bankanum – hefði verðið að öllum líkindum orðið lægra. Að minnsta kosti ef horfa á til dreifðs eignarhalds, eins og Bankasýslan lagði upp með, en ekki láta fáeina fjárfesta taka bróðurpartinn af bréfunum.

Vandi útboðsins var að enginn af hálfu seljanda, hvort sem lítið er til Bankasýslunnar, þingmanna eða verðbréfafyrirtækja, steig fram og ræddi útboðið í þaula opinberlega til að almenningur áttæði sig á söluferlinu. Fáeinir fréttatilkynningar voru í raun látnar nægja. Það hefði til dæmis mátt ræða betur hvernig skerðingum var háttáð, kosti og galla sölu til dreifðs hóps fjárfesta og að salan yrði framkvæmd í einum hvelli til að hafa sem minnst áhrif á verð á hlutabréfamarkaði.

Útboðsfyrirkomulagið við sölu hafa ekki oft verið notað á Íslandi en er yfirleitt beitt þegar selja á stóran hlut í skráðum félögum alþjóðlega. Þekkt er að bandaríski vognarsjóðurinn Taconic nýtti hana við sölu á stórum hlut í Arion banka og Bandaríkin selja ríkisskuldabréf með þessum hætti. Um er að ræða svokallað hollenskt útboð. Í því er algengasta tilboðinu tekið til að reyna að endurspeglar markaðsvirðið og valda sem minnstu róti á markaðnum. Það hefur í för með sér að allir kaupendur fá breif á sama verði, jafnvel þótt sumir hafi boðið herra eða lægra.

Í slíkum útboðum, þar sem mikið magn af bréfum flæðir á markaðinn á fáeinum klukkustundum, er alla jafna útboðsafsláttur. Hann var fjögur prósent í tilvik í Íslandsbanka.

Fjármálafyrirtækið STJ Advisors, ráðgjafi Bankasýslunnar, vakti athygli á að í útboðum hjá skráðum félögum í Evrópu í ár hafi afslátturinn numið riflega sex prósentum en eftir innrás Rússa í Úkraínu hafi óvissa aukist og afslátturinn því numið riflega átta prósentum.

Stóra myndin er að útboð Íslandsbanka gekk vel og verðið sem fékkst hagstætt. Ríkið er ekki lengur meirihlutaeigandi að bankanum. Því ber að fagna. Vonandi gengur áframhaldandi sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka hratt og örugglega fyrir sig. ■

Dohop fær frekara fjármagn frá Bretlandi

Scottish Equity Partners hefur fjárfest fyrir tæplega tvo milljarða í Dohop á tveimur árum. Nýta fjármunina sem fengust nú til að ráða 25 starfsmenn í ár.

helgivilfill@frettabladid.is

Ferðatæknifyrirtækið Dohop hefur tryggt frekari fjármögnun frá breska vísisjóðnum Scottish Equity Partners sem meðal annars hefur fjárfest í Skyscanner. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur sjóðurinn fjárfest fyrir samanlagt um tvo milljarða í íslenska fyrirtækinu á tæplega tveimur árum. Nokkrir aðrir hluthafar taka einnig þátt í fjármögnuninni.

Dohop þróar hugbúnað fyrir flugfélög sem hjálpar þeim að selja tengiflug með öðrum flugfélögum á heimasíðum sínum. Á meðal viðskiptavina eru easyJet, eitt stærsta laggjaldaflugfélag í heimi, sem jafnframt hefur tekið þátt í fjármögnun á tæknifyrirtækinu, Air France, Transavia og Eurowings.

Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop, segir að nýta eigi fjármunina til að ráða fleiri starfsmenn. Stefnt sé á að ráða 25 starfsmenn í ár en fyrirtækið hafi þegar fengið til liðs við sig tíu starfsmenn á þessu ári. Af þeim 25 sem ráða eigi til viðbótar í ár verði um 20 á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins séu nú um 50. Horft sé til þess að starfsmenn verði 75 við lok árs.

„Kjarninn í hugbúnaðarþróun Dohop er og verður á Íslandi. Starfsmenn sem sinna sölu og þjónustu geta sinnt starfi sínu erlendis en við erum með skrifstofu í London og í Bandaríkjunum,“ segir hann og nefnir að fyrirtæki sem vinni náð með flugfélögum reki gjarnan skrifstofur víða um heim.

Scottish Equity Partners fjárfestu fyrst í Dohop í nóvember 2020. „Þá fjármögnun átti að nýta til sóknar en á þeim tíma gerðum við okkur ekki grein fyrir hve lengi Covid-19 myndi vara. Tekjur okkar koma fyrst og fremst þegar flug er bókað og þær voru því litlar sem engar á tímabili.“

Innflutta verðbólgan farin að láta á sér kræla

magdalena@frettabladid.is

Verðbólgan mælist nú 6,7 prósent og hefur hún ekki mælist meiri síðan í maí 2010.

Bergþóra Baldursdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka, segir að tölurnar komi þeim ekki á óvart.

„Við spáðum 6,8 prósentu verðbólgu en hún mældist 6,7 prósent. Það er húsnaðisliðurinn sem vegur mjög þungt í verðbólgunni,“ segir Bergþóra og bætir við að innflutta verðbólgan eigi eftir að koma inn af fullum þunga.



Kjarninn í hugbúnaðarþróun Dohop er og verður á Íslandi, segir Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Scottish Equity Partners er stærsti hluthafi Dohop

Stærsti hluthafi Dohop er Scottish Equity Partners. Vísisjóðurinn átti 37 prósentu hlut í fyrirtækinu við árslok 2020. „Okkur vantaði einmitt öflugan kjölfestufjárfesti sem er áhugasamur um reksturinn og hefur skoðanir á því sem er gert,“ sagði Davíð við Markaðinn árið 2020 þegar upplýst var um kaup breska vísisjóðsins á hlut í Dohop.

Á meðal annarra hluthafa má nefna félag í eigu Jóns von Tetzchners, stofnanda norska vefskoðarans Opera; Nýsköpunarsjóð Íslands; Frosta Sigurjónsson, fyrrverandi þingmann; félag í eigu Birkis Kristinssonar, fyrrverandi landsliðsmarkmanns í knattspyrnu og Brimgarða sem er í eigu fjölskyldunnar sem á matvælafyrirtækin Mötú, Matfugl og Síld og fisk.

Segja má að fjármögnunin fyrir tæplega tveimur árum hafi verið nýtt vel til að spila varnarleik á meðan þess þurfti. Fjármögnunin gerði það að verkum að við þurftum ekki að staðna og koðna niður heldur vorum í stakk búin til að ráða 25 starfsmenn í heimsfaraldrinum.

Okkur hefur tekist að tvöfalda

fjölda viðskiptavina í heimsfaraldrinum – þeir eru nú um 60 – og við stefnum á áframhaldandi sókn. Það eru margir samningar í pípunum. Við glímum við það erfiða verkefni að klúðra þessu tækifæri ekki,“ segir Davíð.

Reksturinn er aftur kominn með vind í seglin. Davíð segir að fyrir Covid-19 hafi tekjur Dohop verið

mestar í janúar 2020. Tekjurnar í mars í ár muni slá það met. „Nú er lögð áhersla á vöxt.“

Að hans sögn gerir tækni Dohop flugfélögum kleift að selja tengiflug með einfaldari og hagkvæmari hætti áður. „Alla jafna er það kostnaðarsamt og flókið að stofna til slíks samstarfs,“ segir Davíð og nefnir að flugfélög hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum í Covid-19. Heimsfaraldurinn hafi því gert það að verkum að flugfélög hafi orðið áhugasamari um að auka tekjur sínar með tækni frá Dohop. „Það má því segja að Covid-19 hafi hraðað söluinni. Stjórnendur sumra flugfélaga hefðu annars ekki farið að huga að þessari tækni fyrr en eftir einhver ári,“ segir hann.

Davíð segir að miðað við núverandi áætlanir muni Dohop skila hagnaði árið 2024. Hann slær þó þann varnagla að mögulega muni aðstaður breytast á næstu árum og þá kunni stjórn að vilja leggja áherslu á vöxt í stað hagnaðar. ■




Bergþóra Baldursdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka

„Meðan framboðið er jafn lítið og raun ber vitni þá þurfum við að bíða eftir að aðgerðir Seðlabankans fari að bíta. Við búumst þó við að framboðið muni aukast þegar liða tekur á árið.“

Bergþóra bætir við að þau búist

við því að á næstu mánuðum muni verðbólgan aukast enn frekar.

„Við búumst við því að innflutta verðbólgan muni aukast á komandi mánuðum. Það er bæði vegna stríðsins og framboðshnökra vegna Covid. En þegar hægja fer á hækkingunum á fasteignaverði þá gæti það vegið á móti þessari innflutta verðbólgu. Við gerum þó ekki ráð fyrir að hún hjaðni neitt af viti fyrr en á næsta ári en þá mun hún hjaðna nokkuð hratt. Síðan geta kjarasamningarnir sem losna undir lok ársins haft áhrif á verðbólguna en við bindum vonir við að þeir verði fremur hóflegir.“ ■



Vinaleg heimili

Áhersla á vellíðan, umhverfi og samnýtingu. Nánar á heimstaden.is

Heimstaden

GERÐU STARFSFÓLKINU GLAÐAN DAG



SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu. Margir verðflokkar í boði.

Velferðarþjónusta hefur minnkað starfsmannaveltu

magdalena@frettabladid.is

Verslanakeðjan Samkaup sem rekur Nettó, Krambúðina, Kjörbúðina og Iceland, hefur hleypt af stokkunum velferðarþjónustu fyrir starfsfólk sitt. Í því felst að fyrirtækið borgar allt að sex tíma hjá sérfræðingi fyrir starfsfólk sitt, hvort sem það er í fjármálaráðgjöf, hjónabandsráðgjöf, sálfræðitíma eða lífsstíls-

ráðgjöf. Hugmyndin að verkefninu kviknaði í kjölfar Covid-19 faraldursins og gafst tilraunaverkefnið vel og var því ákveðið að halda því áfram.

„Þetta verkefni hefur minnkað starfsmannaveltuna hjá okkur og það er gríðarleg ánægja með þessa velferðarþjónustu heilt yfir,“ segir Gunnur Lif Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaúðssviðs Sam-

kaupa, og bætir við að verkefnið sé komið til að vera.

„Við lítum á það sem framtíðarverkefni og þetta hefur gífurleg jákvæð áhrif.“

Aðspurð hvort kostnaðurinn af þessu verkefni sé mikill segir Gunnur að svo sé ekki í stóra samhenginu.

„Það er ekki eins mikill kostnaður og maður myndi halda miðað við ávinninginn. Þetta er mikil kjarabót



Gunnur Lif Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaúðssviðs Samkaupa

fyrir þá sem nýta sér þetta þar sem þetta eru sex tímar hjá fagaðila. En í stóra samhenginu er þetta ekki stór kostnaðarliður fyrir fyrirtækið.

Það sem skiptir mestu máli er að starfsmennirnir okkar geta nýtt sér þessa þjónustu og að starfsánægjan aukist. Þetta er líka einfalt í framkvæmd og starfsfólkið okkar hefur verið að nýta sér þetta í mjög miklum mæli.“ ■

Lyf og heilsa fjármagnar hótél

helgivilfill@frettabladid.is

Lyf og heilsa kom nýverið að fjármögnun á félagi sem fer með um 70 prósentu hlut í Landhótel, sem er fjögurra stjörnu hótél í Landsveit á Suðurlandi. Það er við Þjóðveg 26 eða Landveg. „Hótelið er vel staðsett. Það er stutt í náttúruperlur á borð við Landmannalaugar og Heklu,“ segir Sigurður Ólafsson, stjórnarformaður Lyfja og heilsu, í samtali við Markaðinn.

„Ferðarþjónusta er spennandi atvinnugrein um þessar mundir. Auk þess standa öflugir frumkvöðlar að rekstrinum, þar með talin hjónin Dýrleif Guðmundsdóttir og Magnús Ólafsson sem reka hótelið. Það skiptir sköpum þegar fjárfest er í fyrirtækjum að þar sé öflugt fólk um borð,“ segir hann. Félag í eigu Magnúsar er stærsti hluthafi Landhótel.

Landhótél var opnað sumarið 2019. Eftir rúmlega hálf tveggja ári í rekstri skall á Covid-19 heimsfaraldurinn og við það dró verulega úr ferðalögum í heiminum. Af þeim sökum hefur þurft að endurskipuleggja fjárhag félagsins. Þrátt fyrir algjört tekjufall var rekstrarsagan stutt og átti hótelið því ekki rétt á tekjufallsstyrk frá stjórnvöldum. Hluthafar Landhótel eru sjö, að sögn Sigurðar, þar á meðal er frumkvöðullinn Guðmundur Björnsson sem keypti land í um 20 mínútna fjarlægð frá Hellu og reisti þar tæð hótél, auk þriggja erlendra fjárfesta.

Landhótél er með 69 herbergi og þrjú fundarsali. Það stendur ekki við Þjóðveg 1 en hluthafar binda vonir við að þegar Hvammsvirkjun verði reist verði byggð brú yfir Þjórsá. „Við það mun veltungum til Landhótel fjölga,“ segir Sigurður. Lyf og heilsa hafa áður fjárfest í óskyldum rekstri. Samstæðan á meðal annars Kamba sem er einn stærsti framleiðandi á gluggum, hurðum og gleri á Íslandi með um 2,5 milljarða í veltu. ■

Reynir að samtvinna áhugamálin

■ Svipmynd

Agnes Guðmundsdóttir

Nám: Strategic Design & Management frá Parsons, School of Design.

Störf: Markaðsstjóri Icelandic Asia, formaður félagsins Konur í sjávarútvegi.

Fjölskylduhagur: Í sambúð og eigum við tvær eldhressar stelpur, 1 árs og 3 ára.

Agnes Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Icelandic Asia og formaður Félags kvenna í sjávarútvegi, gerir sitt besta til að samtvinna áhugamálin svo hún geti sinnt þeim sem best. Þessa dagana er hún þó mjög upptekin í vinnu enda er það nú einu sinni þannig að það veltur margt á íslenskum sjávarútvegi.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Nú þegar minni tími er fyrir annað en fjölskylduna og vinnuna þá hef ég verið að blanda áhugamálunum saman, en mér finnst ekkert meira gefandi en að vera í kringum skemmtilegt fólk og þannig hleð ég batteriinn ásamt því að hreyfa mig. Tennis og badminton varð fyrir valinu þetta árið og er það frábær skemmtun og gott púl. Einnig finnst mér ofsalega gaman að bjóða fólki í mat og verður þá oftast nýr fiskréttur fyrir valinu en ég hef verið að prófa mig áfram með uppskriftirnar að fisk í matinn sem geta verið ansi framandi.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég hef alltaf lesið mikið en nú er ansi þægilegt að geta kveikt á hljóðbók til að nýta tímann. Menntuð eftir Tara Westover er bók sem ég las seinustu jóla og gat ómögulega lagt hana frá mér. Endurminningar ungrar manneskju af lífi sem er ekki svo langt frá okkur.



Agnes segir að hennar uppáhaldsborg sé New York þar sem hún bjó um skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Nú þegar minni tími er fyrir annað en fjölskylduna og vinnuna þá hef ég verið að blanda áhugamálunum saman.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Ég verð nú að vera hreinskilin og segja að börnin mín séu það ansi oft en einnig vorum við í KIS að gefa út nýja rannsókn á stöðu kvenna í sjávarútvegi þar sem við könnuðum stöðuna á yfir 500 fyrirtækjum. Það var gífurlega spennandi og þarft verkefni en við kynntum niðurstöðurnar á vel heppnuðum fundi í Íslandsbanka í seinasta mánuði. Það er mikilvægt að hafa góð gögn á bak við ákvarðanir og geta fylgst vel með þróuninni til að vita betur hvar er hægt að grípa inn í.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég hef mikinn áhuga á skólumálum og fjölbreyttum kennsluáferðum og finnst ansi gaman að lesa mér til um hvað er nýtt í gangi

í þeim efnum. Ég hef mikið fylgst með Möggu Pálu, stofnanda Hjalla-stefnunnar, og það er áhugavert að heyra hana tjá sig um málefni barna en það er alltaf af mikilli ástríðu og innlifun.

Hver er þín uppáhaldsborg?

New York á stóran stað í hjartanu en ég stundaði nám þar í nokkur ár og á mikið af frábærum minningum og upplifðum margt. Mér finnst alltaf fyndið hvað borgin hafði mikil áhrif á mig því ég hafði ekki miklar mætur á henni þegar ég flutti. Fannst hún hávær, skítug og illa lyktandi, en síðan þegar ég kynntist henni af alvöru þá fann ég hvað hún var suðupottur heimsins með sínum magnaða fjölbreytileika. New Orleans er líka borg sem ég kolféll fyrir, lifandi og gláðlynd borg sem ég hlakka mikið til að heimsækja aftur. ■

Haltu jafnvægi í rekstri

Bókhald í áskrift með Business Central.
Verð frá 9.900 kr. (án vsk.) á mánuði.





GRÆN IÐNBYLTING Á ÍSLANDI

Í KVÖLD KL. 19.30

Hringbraut fylgir eftir Iðnþingi 2022 með umræðuþætti um grænu iðnbyltinguna á Íslandi, græna nýsköpun og fjárfestingu, græna framleiðslu, græna mannvirkjagerð og græna framtíð.

Gestir þáttarins eru

Auður Nanna Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri Iðunn H2,

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem,

Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins,

Guðmundur Þorbjörnsson, markaðsstjóri Eflu,

Hulda Hallgrímsdóttir, gæðastjóri Össurar og

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.



HRINGBRAUT

Afsakið



Adalheiður
Amundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Víð höfum misst allt umburðarlyndi fyrir hvert öðru. Krafan um algert flekkleysi í orði og æði er orðin svo hörð að fólk sem vogar sér út fyrir hinn samþykka ramma er samtundis mætt til að biðjast afsökunar, jafnvel án þess að gefa sér ráðrúm til að staldra við og hugsa af yfirvegun um hvort það sjái yfir höfuð eftir orðum sínum eða gjörðum.

Frægt varð þegar rithöfundurinn Hallgrímur Helgason baðst afsökunar á að hafa kallað þorp á landsbyggðinni hamfarasvæði og lýst efasemdum um að það væri besti staðurinn til að hýsa flóttafólk frá stríðshrjádum löndum.

Annað dæmi er afsökunarbeiðni Ágústar Ólafs Ágústssonar, þá þingmanns Samfylkingarinnar, sem hafði meiningar um ríkisstjórnina en þótti ekki sýna kvenkyns forsætisráðherra tilhlýðilega virðingu. Sá þingmaðurinn sér ekki annað fært en beygja sig í duftið fyrir pólitískum andstæðingi sínum.

Sumir hafa eflaust bölvæð afsökunarbeiðnum þeirra Hallgríms og Ágústar í hljóði og talið þá hafa verið of fljóta á sér. Hið sama er að segja um Will Smith, sem er eins og margir sem hlaupa á sig þessi misserin í þeirri klemmu að hafa bæði valdið hneykslan með framkomu sinni, og bætt svo gráu ofan á svart með því að klúðra afsökunarbeiðninni. Hún var að mati okkar fróðasta fólks hlaðin eitradri karlmennsku. Nú situr hann uppi með þessi tvö vandamál: Löðrunginn og hina eitruðu karlmennsku. Og við vitum ekki enn hvort hann hefur í rauninni fyrirgefið grínistanum hinn smekklause brandara.

Í viðtali á vef Fréttablaðsins í gær hvatti Elín Sigríður Óladóttir, sem haldin er sama kvilla og eiginkona Will Smith, okkur til að gleyma því ekki að Will tók sviðið og lét hrekkjusvínið finna fyrir því. Grínið hafi verið niðrandi og andlegt ofbeldi sé ekki síður ofbeldi en líkamlegt.

Sáttamiðlun er ferli sem komið hefur verið á fót í réttarkerfum víða í Evrópu. Hugmyndin er að sá eða sú sem gerir á hlut annarrar manneskju öðlist skilning á afleiðingum gjörða sinna og þolandinn fái tækifæri til að lýsa áhrifum þeirra á sig. Markmiðið er að ná raunverulegum sáttum. Hefur þetta í mörgum tilvikum gefist betur en fordæming og fangelsisdómur.

Hraðinn í mannlegu samfélagi er orðinn slíkur að við erum hætt að gefa okkur tíma til að vinna vinnuna sem þarf til að ná sáttum. Niðurstæðan er að allir eru jafnósáttir þegar málinu lýkur, bæði sá sem framdi glæpin og allur heimurinn sem fordæmir hann. ■

Elín hvatti okkur til að gleyma því ekki að Will tók sviðið og lét hrekkjusvínið finna fyrir því.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Þorskur og ljón

Þingmaðurinn Birgir Þórarinnsson, sem kunnur er af því í seinni tíð að vera flokkaflakkar af guðs náð, er að breytast í sagnfræðilega þenkjandi arkitekt í seinni tíð, en annir hans við alvöru pólitík eru ekki meiri en svo að hann hefur verið að rissa upp krýndan þorsk og ljón sem hann vill hafa á framhlið hússins og vitnar þessi nývígð Sjálfstæðismaður í söguna; tvö skjaldarmerki af þessu tagi hafi prýtt Alþingishúsið á vígsludegi þess árið 1881 – og horfa beri til upphafsins, annað megi heita goðgá. Umrædd merki yrðu hvort sínum megin við svalaglugga Alþingishússins, altsó þorskurinn og ljónið, hin krýnda táknmynd Íslands annars vegar og hins vegar sú danska.

Krýndur Birgir

Auðvitað er þetta ekkert annað en yfirlætislaus hæverska af hálfu þingmannsins Birgis Þórarinnssonar sem yfirgaf Miðflokkinn um leið og hann hafði haft not af kjösendum hans í síðustu alþingiskosningum. Birgir á auðvitað að líta sér miklu nær þegar hugmyndir að skrauti þinghússins koma til athugunar. Og lítillæti í þeim efnunum er alger óþarfi. Hann á náttúrulega að hugsa heim, í kirkjuna sína á Vatnsleysuströnd, en sjálfur er Birgir málaður á altaristöfluna þar. Krýndur Birgir beggja vegna Alþingissvalanna toppar þorsk og ljón. ■

Brýnt að meta áhrif sóttvarnaaðgerða á börn



Salvör Nordal
umboðsmaður
barna

Á síðustu misserum hefur umboðsmaður barna ítrekað bent á réttindi og hagsmuni barna þegar teknar hafa verið ákvarðanir um sóttvarnir, má þar nefna ákvarðanir um framkvæmd sýnatöku og bólu-setninga og tillögur stjórnvalda um þvingaða vistun barna á sóttkvíarhótelum. Nýlega óskaði umboðsmaður barna eftir tölfraðiupplýsingum frá Embætti landlæknis um sóttvarnaaðgerðir og börn. Upplýsingar landlæknis eru sláandi, en þar kemur fram að 77.863 börn hafa þurft að gangast undir PCR-sýnatöku og tæplega þúsund börn hafi þurft að sæta sóttkví oft en fjórum sinnum. Þessi börn hafa ítrekað misst af tækifærum til félagslegra samskipta við vini og fjölskyldu, menntunar og tómstunda.

Í tengslum við barnaþing sem haldið var í byrjun mars birti umboðsmaður barna skýrslu á heimasíðu sinni um málefni barna sem fjallaði einkum um réttindi barna á tímum heimsfaraldurs. Ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar á tímum Covid-19 sem varða börn og daglegt líf þeirra, án aðkomu þeirra eða málsvara þeirra, og án þess að sérstakt mat hafi verið lagt á áhrif þeirra á börn. Þá hefur verið misbrestur á því að börn hafi fengið nauðsynlegar og barnvænar upplýsingar, um sóttvarnir og áhrif þeirra.

Tímabil heimsfaraldursins hefur sýnt ótvírætt fram á nauðsyn þess að íslensk stjórnvöld stígi næstu skref í innleiðingu Barnasáttmálans og tryggji að ákvæði hans séu ávallt virt í framkvæmd, því hann er hvað mikilvægastur þegar vá steðjar að. Í slíkum aðstæðum reynir hvað mest á að virða, vernda og tryggja réttindi barna, því þá er heilsu þeirra og velferð hættu búin. Skýrsla umboðsmanns barna er fyrsta skref embættisins í að meta áhrif sóttvarnaaðgerða á börn en embættið kallar eftir því að stjórnvöld ráðist í greiningu á langtímaáhrifum þeirra á líðan barna. Það er mikilvægt að draga lærdóm af reynslu síðustu missera og grípa til aðgerða sem miða að því að réttindi barna séu ávallt virt að fullu, óháð þeim samfélagslegu aðstæðum sem uppi eru hverju sinni. ■

Þessi börn hafa ítrekað misst af tækifærum til félagslegra samskipta við vini og fjölskyldu.



GEFÐU GJÖF TIL HEILLA
HEILLAGJAFIR.IS





FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

Guli miðinn VÍTAMÍN

Bætir, viðheldur og ver
heilsu fjölskyldunnar.

Fæst í apótekum
og stórmörkuðum
um allt land.



SÉRÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

ÁN ÓÆSKILEGRA
AUKAEFNA

STRANGAR
GÆÐAKRÖFUR

ENDURVINNANLEGAR
UMBÚÐIR

gulimidinn.is



gæði á góðu verði



Erna Hrund Hermannsdóttir er ekki hissa á því að íslenska þjóðin sé að kalla eftir gæða húðvörum eins og VICHY vörumerkinu. Enda hefur faraldurinn gefið fólki tíma til þess að huga að heilbrigði húðarinnar og mikilvægi gæða og virkni innihaldsefna í húðvörum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fegurð hefst með heilbrigðri húð

VICHY húðvörurnar eru þekktar um allan heim fyrir einstök gæði og frábæra virkni en húðvörulína merkisins er afar breið og fylgir konum allt frá 15 ára og fram eftir öllum aldri. **2**

Einkunnarorð VICHY eru „Sönn fegurð hefst með heilbrigðri húð“ en VICHY var fyrsta snyrtivöru-merkið sem gerði mikilvæga tengingu á milli heilsu og fegurðar húðarinnar. „Húðin gengur í gegnum umtalsverðar breytingar á lífsskeiði hvernar manneskju. Fyrst kemur kynþroskaskeiðið, þegar hormónaójafnvægi orsakar aukna olíuframleiðslu og hormónabólur hjá mörgum. Eftir það þarf að huga að raka í húðinni, en fyrstu ein-kenni öldrunar er einmitt rakatap. Næst er fjörugt skeið hjá mörgum konum þegar þær fara að eiga börn og sinna starfsframanum. Þá er mikilvægt að huga að virkum efnum í húðvörum sem auka teygjanleika og fleira,“ segir Erna Hrund Hermannsdóttir, vörumerkjastjóri VICHY á Íslandi. „VICHY er svo eina snyrtivöru-merkið sem er með sérstakar húðlínur til að bæta upp hormónaójafnvægið sem verður í húðinni þegar konur fara á breytingaskeiðið. Einnig er sérstök húðlína fyrir húðina eftir breytingaskeiðið. Að sjálfsögðu erum við svo með frábær húðkrem, rakavörur og annað fyrir grófari húð á körlum. Allar húðlínur VICHY eru formúleraðar með það í huga að sinna húðinni og þörfum hennar og koma henni í jafnvægi í samræmi við lífsskeið allra kynja,“ segir Erna Hrund.

VICHY aftur á Íslandi

Íslendingar kannast vel við VICHY vörumerkið og hefur svitalyktar-eyðirinn frá þeim til að mynda verið talinn sá allra besta í áraradír. „Innflutningur á vörum hætti á tímabili en við ákváðum að tími væri kominn til þess að kynna VICHY aftur fyrir íslenskum markaði, enda var eftirspurnin orðin töluverð. Á faraldurstím- anum hafði fólk meiri tíma til þess að huga að húðheilsu og með- vitund jókst um gæði húðvara og virkni. Húðlækna um allan heim mæla með VICHY vörum vegna þess að þar eru gerðar ófrávikjan- legar kröfur um virkni og öryggi innihaldsefna í vörum merkisins. Því er ekki að undra að Íslendingar byrjuðu aftur að kalla eftir VICHY vörum,“ segir hún.

Töfrarnir liggja í vatninu

VICHY húðvörurnar hafa verið í framleiðslu og þróun frá árinu 1931 og er merkið það mest selda í flokki húðvara sem draga úr einkennum öldrunar í apótekum um alla Evrópu. VICHY er franskt merki þróað af húðlæknum og byggja allar vörurnar á notkun steinefnaríks vatns úr Lake Allier við frönsku borgina Vichy. „Vatns- uppspretta stöðuvatnsins síast í gegnum hraunlög úr eldfjallinu á svæðinu og gripur með sér kokteil af steinefnum. Því inniheldur vatnið fimm tán mismunandi steinefni sem fjöldi óháðra rann- sökna hafa staðfest að hafi einstök styrkingaráhrif á húðina. Húð- vörurnar frá VICHY innihalda allar þetta einstaka vatn, allt frá 5% upp í 89%. VICHY vörurnar eru allar framleiddar í Frakklandi í Vichy þar sem vatnssuppsprettan er sem tryggir að virkni steinefna- vatnsins viðhaldist.“

Mineral 89 fyrir öll frá 15 upp í 59 ára

„Mineral 89 húðvörulínan inniheldur öll mikilvæg af steinefna- ríka vatninu frá VICHY. Mineral 89 booster er aðalvaran en hún er 89% VICHY vatnið og hentar öllum húðgerðum, öllum kynjum og öllum aldri. Um er að ræða vöru sem gefur húðinni einstakan styrk og mælum við með því að byrja allar húðrúttínur á Mineral 89 booster.“



Erna er vörumerkjastjóri fyrir VICHY á Íslandi. Hún segir að í öllum húðrúttínunum sé sólarvörnin klárlega almikilvægasta skrefið.



Exposome er lykillinn

Erna Hrund segir það mikilvægt að fólk fái viðeigandi sérfræðiað- stoð við notkun á andlitskremum og því fái VICHY húðvörurnar einungis í apótekum. „Húðin er stærsta líffærið og fyrsta vörn líkamans gegn umhverfinu, þar með töldum sindurefnum, sólargeislum og fleiru. Ef varnir húðarinnar eru í lágmarki aukast líkur á að ójafnvægi komist á bakteríuflórana, sem orsakar áreitnisviðbrögð húðarinnar sem

Neovadiol húð- línan frá VICHY er sérhönnuð til þess að vinna á móti áhrifum sem hormóna- ójafnvægið á breytinga- skeiðinu hefur á húðina.

sólargeisla, bústaður, loftslag og loftslagsbreytingar og lífsstill eins og streita, svefn, mataræði, reykingar eða drykkja. 80% af húð- gerð okkar er beintengd áhrifum af þessum exposome. Aldur er því afstæður þegar kemur að heilbrigði húðarinnar en til dæmis er algengt að ófrískar konur fái hormónaból- ur eins og unglingar sem þarf að meðhöndla sem slíkar. Allar vörur VICHY eru vegna þessa prófaðar á fólki með ólíkt exposome.“

Sólarvörnin er æskubrunnir

„Það sem ég þreystist aldrei á að brýna fyrir fólki er að sólarvörnin er alltaf langmikilvægust í öllum húðrúttínunum. Hún er ávallt loka- stigið í allri húðumhirðu og kemur síðast, á undan förðunarvörum. Við eigum öll, hvar sem við búum, að nota sólarvörn, allan ársins hring, inni sem úti. Því þó svo sólin feli sig á bak við skýin þá er hún nú þarna samt, og skaðlegu UVA-geisl- arnir komast alltaf í gegn. Jafnvel gegnum gluggana,“ segir Erna.

„Því hærri sem SPF-talan er á sólarvörninni, því hærri er vörnin í vörinni gegn UVA-geislum. SPF-talan segir til um UVB-vörnina, það eru geislarnir sem brenna húðina en UVA-geislarnir eru þeir ósýni- legu sem komast mun dýpra inn í húðina og geta því valdið meiri skaða. Þetta er einfalt mál. Ef við erum að roðna og brenna í húðinni vegna sólar, þá erum við að valda skaða á húðinni. Effólk er að auki á lyfjum eins og sýklalyfjum eða er með undirliggjandi bóluvandamál, þá eykst áhættan á sólarexemi eða sólarofnæmi. Við fáum alveg smá lit með því að nota 50 SPF sólarvörn og ef fólk vill meira þá eru til frábær brúnkukrem sem gefa fallegan lit



Liftactiv húðvörurnar frá VICHY er sérhönnuð húðvöru- lína fyrir uppteknar konur á ferðinni.



Mineral 89 booster húðvörurnar er 89% VICHY vatnið og henta öllum húðgerðum, kynjum og aldri.

án þess að valda skaða. Sjálf maka ég sólarvörn á mig allan daginn og sé fram á að húðin mín verði 25 ára að eilífu,“ segir Erna hlæjandi og bætir við:

„Það er í raun tilgangslaust að eyða fjármunum í rándýr krem ef við notum svo ekki sólarvörn. Við mælum annars alltaf með því að hreinsa húðina í tveimur skrefum. Eftir það er best að byrja á því að bera þynnstu og virkustu vörurnar á húðina, færa sig svo upp í þykkt og enda svo á sólarvörninni.“

Liftactiv fyrir orkuna

„Liftactiv er vörulína frá VICHY fyrir konur sem þurfa aukna orku fyrir húðina. Línan inniheldur mörg af best þekktu og vinsælustu innihaldsefnum í húðvörum eins og hýalúrónsýru, peptide, BHA- og AHA-sýrur og C-vítamín. Þetta eru innihaldsefni sem færa húðinni raka, fallega og jafna áferð, aukinn ljóma og draga auð- vitad úr einkennum öldrunar í húðinni. Þetta er klárlega vöru- línan okkar sem er stjarna VICHY í innihaldsefnum.“

Neovadiol fyrir breytingaskeiðið

„Neovadiol vörulínan er fyrir konur sem eru að ganga í gegnum brey- tingaskeið eða eftir að breytinga- skeiði er lokið. Vörurnar uppfylla það sem þarf í húðinni fyrir þetta tímabil, en á þessum tíma verður húðin fyrir sérstaklega miklu raka- tapi. Auk þess hægist á framleiðslu á nauðsynlegum efnum eins og olíu. Vörurnar innihalda meðal annars ómega-fitusýrur.“ ■

VICHY fæst í öllum helstu apó- tekum á Íslandi.



HÚÐVERND Á BREYTINGASKEIÐI

+39%
AUKINN ÞÉTTLEIKI*

+22%
TEYGJANLEIKI*

*Stuðningspróf n=40 eftir fyrstu notkun

VICHY

LABORATOIRES



SÉRSTAÐA Í HÚÐVERND Í KRINGUM
BREYTINGASKEIÐ Í 30 ÁR

NÝTT

NEOVADIOL PERI-MENOPAUSE DAGKREM

PROXYLANE

HEFUR STINNANDI ÁHRIF Á HÚÐINA

B3-VÍTAMÍN

JAFNAR LITATÓN HÚÐARINNAR



GRUNNUR

PERI-MENOPAUSE RÚTÍNA FYRIR
KONUR Á BREYTINGASKEIÐI

+



DAGKREM

/



NÆTURKREM

STYÐST VIÐ VÍSINDI
UM HEILBRIGÐI HÚÐAR.

Hugarró og afslöppun með The Body Shop

The Body Shop þykir einstakt að því leyti að markmið þess sem fyrirtækis er að gera viðskipti að afli til góðs. Vörur The Body Shop innihalda öflug náttúruleg innihaldsefni sem aflað er á vistvænan hátt. Fyrirtækið hefur alltaf verið á móti prófunum á dýrum í þágu snyrtivöruiðnaðarins og markmið þess er að verða 100% vegan árið 2023.

Ásta Fanney Söbech er verslunarstjóri hjá The Body Shop í Smáralind. Hún segir að stöðugt séu að koma inn nýjar vörulínur en fyrirtækið leggur mikla áherslu á að allar vörur séu umhverfisvænar, jafnt þegar kemur að innihaldi sem umbúðum. The Body Shop vörur henta þeim sem vilja vandaðar gæðavörur á andlit, líkama eða í hárið. „Við viljum gera jörðina að fallettri og betri stað fyrir dýr og menn,“ segir hún. „The Body Shop hefur alltaf barist gegn tilraunum á dýrum og við erum „cruelty-free“ fyrirtæki. Þá erum við öflug í Community Trade-verkefnum okkar þar sem við styðjum smábændur og lítil samfélög. Fyrirtækið er vegetarian og stefnir á að verða 100% vegan á næsta ári,“ segir Ásta en saga The Body Shop hófst í Brighton á Englandi árið 1976.

„Við erum með mikið og breitt vöruúrval fyrir öll kyn. Vinsælustu vörurnar hafa verið Body Butter líkamskremin. Þessi krem innihalda shea butter sem er besti rakagjafi sem við fáum fyrir húðina. Við kaupum shea butter frá Gana sem er hluti af Community Trade verkefninu. Við erum með fjölda ilma í Body Butter kremunum,“ útskýrir Ásta en kremin eru vinsæl á líkamann eftir það eða sund.



Ásta Fanney segir að það verði sérstök kynning á nýju vörulínunni Wellness í Smáralind sem hefst á morgun og verður út sunnudag. Afsláttur verður veittur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Sérstakur viðburður verður fyrir framan The Body Shop í Smáralind á laugardag þar sem Wellness vörurnar verða kynntar fyrir gestum og gangandi.

hugann. Allar línurnar stuðla að betra jafnvægi huga og líkama,“ segir Ásta.

„Í Wellness línunum eru líkamskrem og sturtusápur. Vörurnar eru framandi og innblásnar af aldagömlum hefðum, sannkallað dekur fyrir húðina. Húðin verður silkimjúk og vel nærð. Við hvetjum fólk til þess að finna sína húðrútinu með sápu, kremi og olíum úr Wellness línunni,“ segir hún.

Hjá The Body Shop er mikið úrval af alls kyns húðvörum, meðal annars fyrir andlit og hægt er að fá þær í fallegum gjafaumbúðum. „Himalayan Charcoal djúphreinsmaskinn okkar er afar vinsell bæði hér og út um allan heim enda mjög áhrifaríkur,“ segir Ásta og bendir á að verslanir The Body Shop séu nú yfir 3.000 í heiminum.

Sérstakur viðburður verður fyrir framan The Body Shop í Smáralind á laugardag þar sem Wellness vörurnar verða kynntar fyrir gestum og gangandi. Frá fimmtudegi til sunnudags er 20% kynningarafsláttur af Wellness í öllum The Body Shop verslunum. ■

Nánari upplýsingar um vörurnar má finna á heimasíðunni thebodyshop.is sem er sömuleiðis vefverslun. The Body Shop er í Smáralind, Kringlunni og á Glerár-torgi á Akureyri.



Wellness húðvörurnar eru 100% náttúrulegar og í umhverfisvænum umbúðum. Sannkallaðar spa-vörur.

„Við erum að kynna nýja línu þessa dagana sem nefnist Wellness. Þetta eru þrjár undirlínur sem samanstanda af „Sleep“ sem inniheldur lavender og vetiver ilmkjarnaolíur sem eru róandi og slakandi. Ilmkjarnaolíurnar eru 100% niðurbrotanlegar í náttúrunni. Lavender ilmkjarnaolían er úr

sjálfbærri ræktun frá Haute Provence í Frakklandi og vetiver ilmkjarnaolían kemur frá Madagaskar. Sleep línan er hugsuð til þess að ná betri svefni.

Síðan er það „Boost“ vörulínan sem inniheldur sjálfbærar mandarínu- og bergamot ilmkjarnaolíur frá Calabríu á Suður-Ítalíu sem eru

hressandi og frískandi. Boost línan er hugsuð til þess að veita huga og líkama jákvæða orku og gleði.

Loks er það „Breathe“ línan sem inniheldur sjálfbæra eucalyptus ilmkjarnaolíu sem kemur frá Kína, og einnig rósmarínolíu frá Frakklandi. Breathe línan er hugsuð til þess að ná innri ró og hreinsa



The Body Shop býður upp á mikið úrval af alls kyns vörum fyrir líkama, andlit og hár, sem eru án aukefna.

Rauður varalitur tákn um kvenfrelsi

Rauður varalitur er oft sagður vera til að sýna sjálfstraust kvenna og það vald sem þær búa yfir. Það var ekki tilviljun að breska járnfrúin Margaret Thatcher var alltaf með rauðan varalit á meðan hún gegndi starfi forsætisráðherra Bretlands.

elin@frettabladid.is

Með því að skarta rauðum vörum er kona sögð sýna sögu kvenréttinda stuðning. Ástæðan er sú að samband kvenna við rauða varalitinn á rætur í sögu kvennabaráttu. Snemma á 20. öld börðust breskar og bandarískar konur fyrir kosningarétti og var rauður varalitur samheiti þeirra yfir kraft og styrk. Fræg er mótmælaganga Suffragettes, kvennahreyfingarnar í New York, þar sem allar konur báru rauðan varalit. Hið djarga og óhugnanlega rauða var kvenlegt en samt áræðið og kraftmikið. Það varð táknrænt fyrir styrk á tímum kvennahreyfingar Súffragettanna. Rauður varalitur á því langa sögu sjálfstjáníngar og frelsunar og segir meira en nokkuð annað um styrkleika kvenna. Rauði varaliturinn fékk nöfn eins og „Fighting Red“, „Patriot Red“, og „Grenadier Red“.

Konur hafa frá örófi alda skreytt sig með rauðum lit á varir en snemma á tuttugustu öld var litið á konur sem báru þennan lit á vörum sem vændiskonur. Nútíma snyrtivörur öðluðust nýja merkingu eftir fyrri heimsstyrj-



Kyntáknið Marilyn Monroe var gjarnan með rauðan varalit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Nicole Kidman á rauða dreglinum á Óskarsverðlaunahátíðinni með dimmrauðar varir.



Charli Howard mætti á heimsfrumsýningu á Bridgerton 2 í London í rauðum kjól og með varalit í stíl.

öldina þegar konur fóru að vinna úti og höfðu frekar efni á að kaupa förðunarvörur.

Varalitur fór hins vegar úr tisku um tíma á áttunda áratugnum þegar femínistahreyfingin varð til og var litið á snyrtivörur sem verkfæri og kúgun feðraveldis.

Rauður varalitur er þó alltaf klassískur og er alltaf í tisku enda setur hann sérstakan glæsisvip á konur sem hann bera. Samkvæmt því sem förðunarfræðingar segja þá eru margvíslegar blöndur til af rauða varalitnum. Í rauninni þarf hver og ein kona að finna út rétta litinn miðað við húðlit.

Konur með ljósan húðlit geta borið sterkraudan lit, kirsu-berja- og rúbínlit jafnt sem konur með dekkri húðlit. Varaliturinn undirstrikar persónuleikann. Kleópatra drottning Egyptalands til forna elskaði rauða varalitinn. Fyrir henni táknaði rauði liturinn fegurð en hann táknaði líka kraft hennar og velmegun en varaliturinn var gerður úr möludum bjöllum og var dýr í framleiðslu. Elísabet I, drottning Englands, taldi að rauður varalitur myndi bægra frá henni illum öndum. Marilyn Monroe var mikill aðdáandi rauða varalitarins. Hann táknaði vald hennar, velmegun, kvenleika og glamúr.

Tiskublaðamaðurinn Rachel Felder sagði í viðtali í þættinu Woman's Hour á BBC Ráðio 4 að margir vísindamenn hefðu rannsakað áhrif rauða varalitarins og fundið út að hann gerði konur meira aðlaðandi í augum fólks. ■

BL⁺

BLUE LAGOON ICELAND

EINSTÖK VIRKNI. SÝNILEGUR ÁRANGUR.

BL+ The Serum og BL+ Eye Serum eru byltingarkenndar vörur sem vinna gegn öldrunareinkennum húðar. Þær innihalda hinn einstaka **BL+ COMPLEX** sem verndar kollagenbirgðir, örvar nýmyndun kollagens og styrkir efsta varnarlag húðar.



BL+ vörurnar eru fáanlegar í verslunum Bláa Lónsins
Bláa Lónið | Laugavegur 15 | Kringlan | blaalonid.is
@blplusskincare

Byrjar að undirbúa húðina fimm tímum fyrir drag

Skjöldur Mio Eyfjörð kemur reglulega fram sem dragdrottningin Mio Amore og hefur gert í yfir 20 ár. Hann undirbýr húðina alltaf vel fyrir sýningar og passar að halda henni góðri þess á milli.

sandragudrun@frettabladid.is

Sem dragdrottning þarf Skjöldur að nota mikinn farða en hann passar að undirbúa húðina vel áður en farðinn er settur á. Skjöldur segir að þegar mest er að gera hjá honum fari hann í drag allt að fjórum sinnum í viku svo það er mikið álag fyrir húðina. Skjöldur býr í Stavanger í Noregi og starfar auk dragsins sem hárgreiðslumaður. Hann er einnig að fara að hefja störf í Borgarleikhúsi Stavanger við förðun og hárgreiðslu.

„Ég byrja alltaf á að fara í sturtu og nota svo næturkrem frá Rituals sem heitir The Ritual of Namaste Night. Það er feitt og gott fyrir húðina. Ég nota það fimm tímum fyrir drag. Svo nota ég annað krem frá Ritual á eftir. Það er Rituals Body Lotion, það er hugsað fyrir líkamann en ég nota það samt á andlit þvi mér finnst það gott andlitskrem. Svo nota ég primer frá NYX og NYX pore filler yfir,“ segir Skjöldur.

Eftir þetta er húðin tilbúin fyrir farðann.



Skjöldur hugsar vel um húðina.

„Ég nota mest farða frá Kryolan. Þetta er leikhúsfarði sem helst vel á fyrir tveggja til þriggja tíma show. Svo nota ég geðveikt mikið af setting spreji. Þá helst förðunin allt kvöldið,“ útskýrir hann.

„Ég er með rosalega mikinn farða á sýningum en til að ná honum af þá nota ég hreina kókosolíu. Til að ná svona miklum farða af húðinni þá er best að nota olíu á móti olíu, þá fer allt af. Ef ég nota ekki kókosolíu þá finnst mér alltaf eitthvað verða eftir.“

Hefur fundið hvað hentar honum best

Eftir að hafa hreinsað farðann af nuddar Skjöldur exfoliating scrub frá Clinique á húðina og notar svo augnkrem og rakakrem frá sama merki.

„Rakakremið heitir Costume



Skjöldur kemur fram sem dragdrottningin Mio Amore og þarf því að nota mikinn farða.

MYNDIR/ÁSENDAR

repair moisturiser. Til að finna út hvaða krem henta mér best hef ég bara prófað mig áfram og ég hef smám saman fundið út úr því. Sumt virkar og annað ekki. Ég er orðinn leiður á að kaupa eitthvað sem fólk segir að virki en það virkar ekki fyrir mig. En ég er búinn að finna það núna hvað passar mér mest,“ útskýrir hann.

„En stundum fæ ég svo rosalega þurra húð eftir farðann og þá nota ég bláa Nivea kremið, þetta þykka í áldollunum. Ég maka því á mig og leyfi því að vera í smástund áður en ég ber á mig venjulegt rakakrem. En húðin getur verið mjög viðkvæm eftir drag. Það tekur hana alveg einn til tvo daga að jafna sig. Þess vegna er húðumhirdan mikilvæg fyrir mig.“

Skjöldur segir að hann noti ekki neina sérstaka meðferð á skeggsvæðið að öðru leyti en að hann ber rakakrem á sig, rakar sig svo og ber svo rakakremið aftur á svæðið.

„Þegar skeggið fer að vaxa aftur þá þornar húðin rosalega svo þess vegna þarf ég mjög feitt krem. En annars er það bara sama meðferð á þessu svæði og annars staðar. Að því húðina vel og nota gott rakakrem,“ segir hann.

„Svo langar mig að bæta við að stundum finnst mér gott að nota bréfmaska frá Sence sem heitir Let's go Bananas. Hann frískar vel upp á húðina.“ ■

Kröftug & náttúruleg andoxunarbomba

Íslensk og járnrik krækiber & rauðrófuduft

Sannkölluð ofurfæða fyrir veturinn

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

andoxun

Íslensk krækiber & rauðrófuduft
Járnrik ofurfæða
60 HYLKI FÆÐUBÓTAREFNI

Nýtt Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruslun og flestum stórvörumarkaðum.

THE RITUAL OF NAMASTÉ natural skincare

AGELESS active firming night cream gotu kola & holy lotus 1.6 FL. OZ. / 50 ml e

CLINIQUE exfoliating scrub gommage tonique 3.4 FL. OZ. LIQ. / 100 ml e

CLINIQUE clinique smart SPF 15 custom-repair moisturizer crème réparatrice action sur mesure DRY COMBINATION / SÈCHE À MIXTE

Rakakremið sem Skjöldur notar eftir að hafa hreinsað af sér farðann.

Skjöldur ber á sig næturkrem frá Rituals fimm tímum fyrir drag.

Eftir að hafa hreinsað farðann af sér notar Skjöldur exfoliating scrub frá Clinique.

Stundum finnst Skildi gott að nota þennan bréfmaska frá Sence.

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Þjáist af liðverkjum og stírleika? Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hár blóðþrýstingur?

Arctic Star

Í Kína eru sæbjúga þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta á mörgu meini.

Vítamín D:

- Stuðlar að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs.
- Stuðlar að viðhaldi beina, tanna og vöðva.
- Stuðlar að bættari starfsemi ónæmiskerfisins.
- Eining hefur D-vítamín hlutverki að gegna við frumskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3 Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

CLINIQUE all about eyes reduces circles, puffs soin yeux anti-poches anti-cernes

sence™

LET'S GO BANANAS

face sheet mask ENRICHED WITH banana extract and hyaluronate moisturizing formula

"The treatment for normal skin will moisturize your skin in just a few minutes"

1 PRE-TREATED FACIAL SHEET MASK

NÝTT!



ÁFENGISLAUS





Gunnlaugur segir að í dag sé miklu meira um að kampavín sé parað með mat og þykir það gera matarupplifunina enn betri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON

Freyðandi sumar með Bollinger



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Bollinger kampavínshúsið er eitt hið allra virtasta í heiminum. Fyrirtækið var stofnað í smábænum Ay í hjarta Champagne-héraðsins árið 1829 af tveimur mönnum, aðmírálnum Athanase Louis Emmanuel og tengdasyni hans, Jacques Joseph Placide Bollinger.

Bollinger er einn af örfáum framleiðendum í Champagne-héraðinu sem enn gerjar bestu vínin sín í eikarámum (árgangsvín) sem hefur talsverð áhrif á áferð vínsins. Það á einnig við um hið hefðbundna Bollinger Special Cuvée þar sem eldri eikargerjuðum vínunum er blandað saman við yngri vín. Þetta er kampavín með mikla dýpt og töluvert meiri þroska en mörg önnur hefðbundin kampavín.

Vinsældir aldrei verið meiri
Vinsældir kampavíns hafa aldrei verið meiri en nú hér á landi og með hækkandi sól og sumri má gera ráð fyrir að vinsælt verði að skála í freyðandi kampavíni. Gunnlaugur P. Pálsson kampavínssérfræðingur er sérfróður um kampavín og kampavínshéruðin í Frakklandi. Við fengum Gunnlaug til að fræða okkur um gæðakampavíni frá Bollinger sem spáð er að muni slá í gegn í sumar.

„Sérstada Bollinger er að allt þeirra vín er að upplagi mest Pinot Noir og undanfarið hafa komið nokkrar týpur frá þeim sem undirstrika það,“ segir Gunnlaugur. Kampavín er oftast gert úr þrúgunum Chardonnay, Pinot Noir og Pinot Meunier. Aðalsmerki vínhússins Bollinger er Bollinger Special Cuvée Brut sem er einstaklega ljúffengt kampavín og þykir hinn fullkomni fordrykkur. „Það er gullintært með finlegum loftbólum, angan af þroskuðum ávöxtum eins og apríkósum, ferskt

77
Aðalsmerki vínhússins Bollinger er Bollinger Special Cuvée Brut sem er einstaklega ljúffengt kampavín og þykir hinn fullkomni fordrykkur.



Bollinger er eitt virtasta kampavínshúsið í heiminum og státar af þeirri sérstöðu að allt vínið sem kemur frá því er að upplagi mest Pinot Noir og nokkrar týpur frá Bollinger sem hafa komið undanfarið undirstrika það.

í munni með mikla fyllingu, ein-kenni af þurrkaðri apríkósu og eik, langt viðvarandi og þægilega ferskt eftirbragð.“

Til að mega nota Cuvée í nafni vínsins má einungis notast við fyrstu pressun, það er fyrstu 2.050 lítrana af þeim 2.550 lítrum sem koma við pressun á 4.000 kílóum af þrúgunum. 80% af þrúgunum koma frá Grand Cru og Premier Cru ekrum og 2/3 eru af eigin ekrum en það tryggir enn frekari stöðugleika vínsins ásamt því að sjálfsögðu að blandað er saman mörgum mismunandi árgöngum 5-15 ára, og því er hægt að segja að Bollinger Special Cuvée sé „multi vintages“.

„Samkvæmt lögum um kampavínssérfræðingum þarf að geyma það að lágmarki í 15 mánuði í kjöllum vínhúsanna áður en það fer á markað en Bollinger er hins vegar látið þroskast í þrjú ár en þá er skipt um tappa eða „disgorgment“ eins og það heitir til að hvíla í tvö ár áður en það er tilbúið,“ segir Gunnlaugur.

Hinn fullkomni fordrykkur
Bollinger er fullkominn fordrykkur. Ferskleikinn æsir upp hungrið og friskar upp bragðlaukana, frábært vín með öllu sjávarfangi, klassískt með humri og kaviar en vegna eikargerjunarinnar hefur vínið það mikinn kraft að það er vel drekkanlegt með öllu ljósu kjöti. „Í dag er miklu meira um að

kampavín sé parað með mat og þykir það gera matarupplifunina enn betri,“ segir Gunnlaugur.

Bollinger PNVZ15 er fyrsta vínið í nýrri línu sem fagnar sérstöðu Bollinger með Pinot Noir og það er tilvísunin í nafninu PN. Á hverju ári kemur nýtt vín úr öðrum árgangi en sömu ekrum, næsta vín er ekkert endilega yngra. Vínið kemur að mestu frá ekrum sem heitir Verzenay sem er tilvísunin VZ í nafninu og árgangurinn er 2015.

„Vínið er tært með gylltum tönum, með angan af apríkósu-steinum, sultuðum ávöxtum og þurrkuðum fikjum sem taka á móti þér. Breytist smám saman í ristaða og bakaða tóna sem og angan af villiblómum og peru. Í munni er ákaft bragð af ferskjum og apríkósum ásamt heslihetum og akasíublómum. Eftirbragðið er liflegt og minnir einna helst á kóreska sítrusávöxtinn yuzu. Árið 2020 kom PNVZ15 sem er 100% Pinot Noir eða það sem er kallað Blanc de noir og á hverju ári kemur nýtt í þessari línu, við fengum ekkert af því sem kom í fyrra en munum fá eitthvað að því sem kemur í sumar,“ segir Gunnlaugur fullur tilhlökkunar.

2013 árangurinn mjög sérstakur
Bollinger B13 er 2013 árgangurinn í Champagne og var mjög sérstakur að mörgu leyti, snjóþungur frostmikill vetur með mildu og rigningasöft vori og svo mjög

heitu sumri með þrumuveðri. „Uppskeran kom á óvart þrátt fyrir þessi erfiðu skilyrði og er ástæða þess að Bollinger-húsið ákvað að gera þetta einstaka kampavín. Hugmyndin er að undirstrika þá sérstöðu sem húsið hefur sem er að Pinot Noir er alltaf í aðalhlutverki í öllum vínunum. Þetta vín er svokallað Blanc de Noir sem þýðir að það er gert 100% úr rauðum þrúgunum, í þessu tilfalli Pinot Noir.“

Vínið sýnir í sinni skýrustu mynd það sem Frakkar kalla „terroir“ eða svæði á íslensku og þýðir að þetta sé skýrt dæmi um hvað svæðið hefur upp á að bjóða þrátt fyrir misjafnt árferði. Það sem er líka öðruvísi með þessi vín miðað við standard Bollinger Special Cuvée er að Special Cuvée þarf að vera að lágmarki 5-15 ára til að fara í blönduna (lágmarkið í Champagne fyrir að nota Cuvée er 15 mánuðir) en þessi vín fá ekkert endilega svona langan tíma. „Einungis 48 flöskur komu til landsins og verða aðeins í boði á útvöldum veitingastöðum.“

Framleitt í bestu árgöngunum
Svo er það Bollinger La Grand Année Rosé sem einungis er framleitt í bestu árgöngunum.

„Fyrsta gerjun fer einungis fram í litlum eikartunnum, fimm ára eða eldri, til að tryggja jafnvægi á milli eikar- og tannín-áhrifanna í víninu en einnig eykst flókin angan vínsins sem og mögu-leikar á langri geymslu. Vínið er látið þroskast í sex ár eða meira í kjöllum Bollinger með náttúrulegum korktappa. Hjá Bollinger er mikilvægt að ferskleiki, angan og bragðið haldist í víninu en það er einmitt það sem uppskerst með korktappanum.“

Vínið er fallega laxableikt með appelsínugulum tönum, finlegum loftbólum sem tryggja gæði vínsins, angan af nýju brauði, engiferbrauði og kanil með eikar- og blómlegum tönum. „Með þessu víni fer léttari villibráð eins hreindýralundir, akurhæna, dúfa og önd frábælega vel saman og passar með austurlenskum mat. Eftirréttir úr rabarbara og dókkum berjum steinliggja með þessu víni.“ ■

Sæta svínið er í sögufrægu húsi á horni Hafnarstrætis og Aðalstrætis.



Salurinn á Sæta svíninu er glæsilegur.



Boðið er upp á glæsilegan brönsseðil með spennandi réttum á laugardögum og sunnudögum.



Taco með þorski,



Sætir eftirréttir, hvað er betra?



Góð steik er alltaf vinsæl.



Þórunn Antonía og Helga Margrét munu stjórna afmælisparti-karióki í Kjallaranum klukkan 21.00 í glimrandi stuði á sex ára afmæli Sæta svínsins.



Hægt er að taka á móti hópum á Sæta svíninu.

Svínslegt stuð á sex ára afmæli Sæta svínsins

Sæta svínið Gastropub fagnar sex ára afmæli á morgun, fimmtudaginn 31. mars, og verður öllu tjaldað til. Karen Jacobsen veitingastjóri er ásamt starfsmannateyminu í óðaönn að undirbúa afmælisveisluna þar sem mikið verður um dýrðir.

Haldið verður upp á afmælið með pompí og prakt og er öllum boðið meðan húsrúm leyfir. Í tilefni dagsins verða allir réttir á afmælisveðli á hálfvirði allan daginn og öl og kokteilar á sérstöku afmælisverði.

Sæta svínið er gastropub í hjarta Reykjavíkur og hefur verið gríðarlega vinsælt frá upphafi. Gastropub er samsett úr orðinu gastronomy og pub og er í raun pöbb sem býður upp á hágæða mat. „Helsta sérstaða okkar er ljúffengur matur og geggjúð stemning og hvað er hrikalega gaman að vera á Sæta svíninu. Við leggjum áherslu á bragðgóðan mat búinn til úr fyrsta flokks hráefnum og gott úrval af bjór, víni og kokteilum til að njóta með matnum,“ segir Karen og bætir við að markmiðið sé að upplifunin af staðnum sé eftirminnileg. „Svo eru það auðvitað viðburðirnir okkar eins og parti-karióki og parti-bingó.“ Það eru ofurkonurnar og gleðibomburnar Þórunn Antonía, DJ Dóra Júlía og Helga Margrét sem skiptast á að stjórna parti-karióki í kjallaranum á miðvikudagskvöldum og gleðigjafinn Sigga Kling stýrir hinu vinsæla parti-bingói á sunnudagskvöldum.

Eini sanni Sæta svíns-borgarinn Allan daginn er eitthvað í gangi og hægt er að koma við í hádeginu, um eftirmiðdaginn eða á kvöldin í drykk og hágæða mat. Boðið er upp á glæsilegan brönsseðil með spennandi réttum á laugardögum og sunnudögum og „Sunday Roast“ á sunnudagskvöldum þar sem matur og munúð er í forgrunni. *Er einhver réttur sem hefur verið*

vinsælastur frá opnun staðarins og vonlaust væri að taka afmatseðli?

„Það eru nokkrir mjög vinsælir réttir eins og hinn eini sanni Sæta svíns-borgarinn og hægelduð lambaöxl – það væri vonlaust að taka þessa rétti af seðli. Hot cod taco og langan okkar eru líka mjög vinsælir réttir. En svo erum við líka alltaf að þróa og lauma nýjum réttum inn á seðilinn reglulega.“

Þakklæti efst í huga

Nú þegar þið fagnið þessum degi hvað er ykkur þá efst í huga eftir þessi sex ár?

„Við erum fyrst og fremst óendanlega þakklát og ánægð með góðar viðtökur og alla frábæru gestina okkar. Og þakklát fyrir frábæra starfsfólkið og samstarfsaðila okkar sem eru alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt með okkur.“

Hátindurinn að halda góða veislu

Aðspurð segir Karen að það sé erfitt að nefna eitthvað eitt sem hátind afmælispartísins sem fram undan er. „Það er mjög erfitt að gera upp á milli allra frábæru aðilanna sem munu fagna með okkur, svo það eru í raun allir viðburðir dagsins. Hátindurinn er að fá að halda góða veislu,“ segir Karen full tilhlökkunar fyrir afmælispartið.

Fjölmargin listamenn koma fram og skemmta gestum á stóra deginum og má þar meðal annars nefna Sigu Beinteins, Hr. Hnetusmjör, GDRN, Jóa P. x Króla, Dj Dóru Júlíu og Flóna og ásamt fleiri frábærum gestum sem munum sjá um tónlistina. Sirkus Íslands mætir á staðinn, ásamt Blaðaranum og Sigu Kling og Glimmerbarinn glitrandi verður á staðnum. „Síðan munu Þórunn Antonía og Helga Margrét stjórna afmælisparti-karióki í kjallaranum klukkan 21.00 í glimrandi stuði,“ segir Karen að lokum og er orðin spennit að taka á móti afmælisgestum í afmælisgleðina á Sæta svíninu. „Húsið verður stútfullt af tónlist, glimmi, sirkus og svínslegu stuði.“ ■



Karen segir að hátindur afmælisins sé að fá að halda góða veislu og fagna með fólkinu með glimrandi stuði og tónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON

Falleg hönnun með skírskotun í íslenska náttúru



Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.is

Hekla Björk Guðmundsdóttir, listakona og hönnuður, framleiðir undir nafninu Heklaíslandi og sækir innblástur í villta flóru, dýralíf og náttúru Íslands.

Hekla er sífellt að bæta við sig verkum og blómstrar sem aldrei fyrr. Frá árinu 2008 hefur Hekla hannað og framleitt fjölbreytta línu af fallegum gjafavörum undir merkinu Heklaíslandi en hún hefur alla sína tíð unnið við listsköpun. Hekla er alin upp á Laugalandi Holtum í Rangárvallasýslu og má með sanni segja að æskulóðirnar hafi veitt henni mikinn innblástur.

Ein nýjasta hönnun hennar eru bollar með myndskreytingum. „Okkur langaði að hanna bolla með okkar myndskreytingum, við hönnuðum lagið á bollanum sem er einfalt svo það hentar málverkum og annarri hönnun okkar. Þeir fara vel í hendi, eru stafanlegir sem er þægilegt þegar maður raðar þeim í skáp og smart við kaffivélina.“

Myndskreytingarnar á bollunum eru orðnar fimm og sjötta á leiðinni. „Núna eru komnar fimm típur, lóan, krummi, eggjó, krækiber og fifill – svo á næstu vikum er von á Gleym-mér-ei. Framtíðarpælingar okkar eru að bæta jafnt og þétt í bollaflóruna, það má segja að nú sé hægt að skipta bollunum í fuglabolla, blómabolla og svo málverkabolla. Sumir kjósa að blanda þeim skemmtilega saman á meðan aðrir velja að safna ákveðnum típum,“ segir Hekla.

Gleym-mér-ei skipar sérstakan sess

Aðspurð segir Hekla að innblásturinn úr æskunni fái að njóta sín á nýjasta bollanum.

„Gleym-mér-ei er eitt af uppáhaldsblómum æskunnar, hver man ekki eftir því að reyna að festa gleym-mér-ei á peysuna sína? Nú á næstu vikum munum við kynna Gleym-mér-ei línuna sem samanstendur af bolla, viskustykki, kerti og servíettu. Við hlökkum mikið til og erum spenntar að fá viðbrögð við nýju línunni en eins og ég sagði þá á gleym-mér-ei sérstakan sess í hjörtum okkar.“

Hekla er einnig með sérstaka fermingarlínu sem heitir Einstök og Einstakur, en að sögn Heklu eru eiginlega allar línurnar þeirra vinsælar í veislur. Mikið og fjölbreytt úrval af servíettum og allir

“Ég byrjaði að mála málverk aftur eftir ellefu ára hlé í fyrstu samkomutakmörkunum í byrjun mars 2020.

ættu í raun að finna sér eitthvað við sitt hæfi.

Þríeykið hafði áhrif á Heklu

Þríeykið er líka búð að fá sinn sess hjá Heklu og sú lína varð til fyrir tilviljun „Þríeykið línun var ekkert sem var fyrirframákveðið. Ég byrjaði að mála málverk aftur eftir ellefu ára hlé í fyrstu samkomutakmörkunum í byrjun mars 2020. Það var frábært að byrja aftur að mála, ég sat við trönnurnar allan liðlangan daginn. Upplýsingafundirnir ómuðu í útvarpinu og kannski má segja að ég hafi verið undir áhrifum frá þeim. Þríeykið var eitthvað sem maður bar mikla virðingu fyrir og treysti algjörlega til að koma okkur í gegnum þessa skrítnu tíma. Þegar fyrstu tvö verkin voru fullkláruð sá ég að eitt málverk, þrjár kindur með fifillkórónu, væru greinilega þríeykið sjálft. Því kom ekkert annað til greina en að nefna málverkið Þríeykið sem nú er einnig til á kerti, servíettu og gjafakorti.“ ■



Hekla Björk Guðmundsdóttir, listakona og hönnuður við eitt verka sinna.

MYNDIR/ÞSENDAR

“Gleym-mér-ei er eitt af uppáhaldsblómum æskunnar, hver man ekki eftir því að reyna að festa gleym-mér-ei á peysuna sína?”



Hekla sækir innblástur í villta flóru, dýralíf og náttúru Íslands.



Krummi í allri sinni dýrð.



Parket

Parki
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á Facebook!
facebook.com/Parki.interiors



dr.organic®

SNIGLAGELS LÍNAN

Ríkt af próteini,
andoxunarefnum,
ensínum, vítamínum
og hyalarunsýrum.

Róar, mýkir og sléttir
húðina.

Endurnýjar húðina, er
öflugt á hrukkur og
öldrunarbletti.



Sölustaðir: Apótek, Krónunni, Fjarðarkaup, Heilsuhúsinu og Heimkaup.is

Gaman að líta vel út

Helgi Ómarsson hefur lengi hugsað vel um húðina. Hann segir húðrútinuna vera part af sjálfsást og að hann gefi sér finan tíma til að gera vel við húð sína daglega.

starri@frettabladid.is

Helgi Ómarsson hefur alltaf verið upptekinn af eigin húð. Hann segist hafa verið bólugrafinn unglingur, sem hafi verið trauma út af fyrir sig. „Að vera alltaf meðvitaður um húðina gerir alls konar fyrir unglingspung eins og mig. Ég fór fljótt á húðlyf þar sem ég fór að prófa mig áfram í hreinsum, möskum og rakakremum. Rakakrem hefur verið algjör undirstaða hjá mér og er eflaust upphaldsvaran mín. Ég vildi óska þess að ég hefði vitað þegar ég var yngri hvað til dæmis mikilvæg sólarvörn eða húðvörn var. En í dag eyði ég hellings tíma í að passa upp á húðina mína. Hún er stórt líffæri og mikil ábyrgð að gera vel við hana. Í dag er húðrútinu einnig partur af sjálfsást og ég gef mér finan tíma til að gera vel við húðina mína.“

Notar alla flórúna

Helgi bjó í Kaupmannahöfn í átta ár þar sem hann starfaði sem fyrirseta hjá Elite Model Management. „Í dag bý ég á Íslandi og starfa sem ljósmyndari og stjórna eigin hlaðvarpi sem heitir Helgaspjallið auk þess að vinna við markaðssetningu með mismunandi fyrirtækjum. Ég er nokkuð ofvirkur tvíburur svo ég hef átt fáar dauðar stundir í gegnum árin. Samt er ég þó heppinn að hafa alltaf unnið við eitthvað sem mér þykir skemmtilegt svo það er ómetanlegt.“

Sjálfur segist hann nota alla flórúna þegar kemur að húðvörum. „Ég hreinsa húðina, nota sólarvörn og húðvörn, rakakrem, serum, olíur og önnur krem eins og retinol og C-vítamín bombu. Ég veit það hljómar svakalega flókið en þetta verður fljótt mjög auðvelt. Það er svo magnað þegar maður kemst inn í þennan rygma hvað þetta verður mikil núvitund, þessi nálgun að gera eitthvað fyrir sjálfan sig.“

Karlar að vakna til lífsins

Lengi vel voru karlmenn almennt mun minna uppteknir af umhirðu eigin húðar en það er að breytast smátt og smátt segir Helgi. „Ég held að það sé enn frekar rötgróid í menn og kúltúrinn að þeir eiga ekkert að vera spá of mikið í þetta, sem mér þykir mjög miður.

Þetta er svolítið eins og að bursta tennurnar, sérstaklega hvað varðar húðvörnina. Flúorið dekkar tennurnar og verndar, rétt eins og húðvörn gerir. Málið er að við erum öll með húð og það er alveg kynlaust að vera óöruggur þegar kemur að húðinni. Við megum því öll taka 5-10 mínútur á dag til að sinna þessu gigantiska líffæri.“

Gaman að líta vel út

Helgi segir margar verslanir bjóða upp á gott úrval og mjög góða þjónustu svo eðlilegt sé að vera smá ringlaður og óöruggur varðandi hvaða vörur skuli nota. „Eina sem ég mæli alltaf með er að velja góðar vörur, velja merki sem tala til hvers og eins og prófa sig áfram. Það er alveg dottið úr tísku að telja húðvörur bara fyrir konur eða homma. Sem betur fer erum við öll að vakna saman, öll kyn og öll sem eitt. Við erum bara á jörðinni til að reyna að láta okkur líða vel og taka ákvarðanir sem gera það að verkum að okkur fái að líða vel í eigin líkama og sál. Ég býð því alla karlmenn velkomna á vagninn. Það er gaman að líta vel út og fá að labba inn í daginn með meira sjálfstraust. Það er óháð öllum kynjum og öllum aldri.“

Notar fjölbreyttar vörur

Hann segist eiga sér margar upphaldsvörur þegar kemur að umhirðu húðarinnar. „Ég mundi segja að upphalds grunnvörurnar mínur séu frá Clinique Men en það voru einmitt vörurnar sem komu mér í gegnum húðkúrinn þegar ég var unglingur. Ef ég ætti síðan einnig að mæla með sólarvörn þá væri það Super Energizer sólarvörn. Þegar kemur að serumi er það besta að mínu mati frá íslenska fyrirtækinu Chitocare. Einnig er ég mjög hrifinn af olíum en ég nota Botanicals Face olíuna frá Riddle sem er klárlega ein af mínum upphaldsvörum.“

Til að vinna á öldrun húðarinnar segist Helgi nota Retinol frá Origins sem er úr línunni Plant-scription. „Ég nota það alltaf fyrir svefn. Mér þykir tilhugsunin að vakna yngri en ég fór að sofa ekkert eðlilega sexi.“

Hann segir rakakrem einnig mjög mikilvæg. „Það er alltaf mikilvægt að eiga gott rakakrem á hillunni. Rakakremin úr herralínu Clinique eru algjörar neglur og svo elska ég rakakremin frá Le Labo.“

Að lokum nefnir hann hreinsi sem hann segir vera fyrstu húðvöruna í rútinunni. „Ég hef ávallt vanið mig á að þrifa húðina mína



Helgi Ómarsson starfar sem ljósmyndari og stjórnar eigin hlaðvarpi sem heitir Helgaspjallið, auk þess að vinna við markaðssetningu með mismunandi fyrirtækjum.

MYND/ADSEN

Stundum þarf ég að klípa mig í höndina til að minna mig á hvað ég er heppinn í þessu lífi.

Helgi Ómarsson

vel í sturtunni. Það eru til margir góðir og mildir hreinsar, en ég nota frá Clinique Men, olíuhreinsi frá Le Labo og einnig nota ég olíuhreinsi frá La Mer.“

Sjaldnast rólegur tími

Það er sjaldnast rólegur tími í lífi Helga og árið fram undan er engin undantekning. „Ég hef verið að gera alls konar breytingar í lífi mínu. Í upphafi árs tók ég skyndiákvörðun um að skella mér í flugþjóninn þannig að ég verð með annan fótinn í háloftunum í sumar ásamt því að sinna öðrum

verkefnum. Stundum þarf ég að klípa mig í höndina til að minna mig á hvað ég er heppinn í þessu lífi. Ég datt inn í hóp flugþjóna sem inniheldur hóp af dásamlegum einstaklingum, ég vinn með fyrirtækjum þar sem eigendur og yfirmenn eru hver öðrum yndislegri og vinn svo að eigin verkefnum þar sem ég fæ að tala og blaðra og lifa ótrúlega lifandi lífi. Ég er kannski með of mörg járn í eldnum en ég er að finna jafnvægið í að eiga svona ótrúlega skemmtilegt og lifandi vinnulíf og lifa líka í ró og með tíma með sjálfum mér.“ ■



FYRIR

EFTIR

Fylliefni er frábær meðferð til að fríska upp á útlitið.



Bjóðum einnig upp á persónulega ráðgjöf. Við tökum vel á móti þér.



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is



Eucerin[®]

NÆSTA KYNSLÓÐ
**HYALURON-
FILLER**

3x EFFECT

1 FYLLIR 2 ÖRVAR 3 VER

NÝTT

99%* STAÐFESTA:
MINNI HRUKKUR



* Vörupróf með 120 konum í janúar 2021, niðurstöður eftir 4 vikna notkun.

Margverðlaunuð húðrútína best geymda leyndarmál náttúrunnar

Ný einstaklega öflug húðlína frá New Nordic sem hentar öllum gerðum húðar hefur notið mikilla vinsælda hér á landi sem og víða um heim.

New Nordic heldur áfram að gera frábæra hluti með 30 ára þekkingu sinni og reynslu af mætti náttúrunnar. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar í að nýta mátt náttúrunnar en undanfarin ár hefur fyrirtækið notið mikilla vinsælda og er framarlega í flokki þegar kemur að fegurð innan frá eins og gjarnan er sagt. New Nordic vörurnar hafa unnið til fjölda verðlauna og bjóða einungis upp á það besta frá náttúrunni. New Nordic kynnir til leiks nýja vandaða húðlínuna sem hentar öllum gerðum húðar og er jafnframt öll vegan.

Húðlína sem hentar öllum gerðum húðar

New Nordic hefur kynnt hina nýju stefnu, Beauty In & Out™ sem táknar einfaldlega fegurð að innan sem utan. Til leiks kynna þau nýja og þróaða húðlínuna sem byggð er á hreinleika ásamt hágæða innihaldsefnum og jurtum sem studd eru af klínískum rannsóknunum. Húðvörurnar henta fyrir allar týpur húðar og hefur línun í heild sinni fengið frábæra dóma og unnið til margra verðlauna á Norðurlöndunum og Bretlandi. Til þess að ná sem bestum árangri er mikilvægt að vinna innan frá og út á við ásamt því að nota bætiefnin samhliða húðvörnum.

Bætir þéttleika og endurnýjun húðarinnar

Nýi andlitsskrúbburinn Gentle Facial Exfoliator frá New Nordic er sérlega góður þar sem hann inniheldur hibiscus-blóm og apríkósufra sem styðja náttúrulega við örvun frumna og endurnýjun húðar. Skrubburinn hentar fyrir allar húðtýpur, að auki fyrir viðkvæma húð þar sem hann inniheldur korn en er þó ekki grófur. Natural magic™ Firming Serum er verðlaunuð vara sem stinnir og sléttir húðina ásamt því að draga úr hrukkum. Þetta einstaklega rakagefandi serum inniheldur granatepli og hýalúrónsýru til að þétta og lyfta húðinni. Serumið er létt og rakagefandi, veitir mýkt og er ætlað til daglegrar notkunar



New Nordic kynnir til leiks nýja vandaða húðlínuna sem hentar öllum gerðum húðar og er jafnframt öll vegan. MYND/ADSEND

morgna og kvölds. Serumið er einstaklega þægilegt í notkun en það er að auki fullkomið undirlag fyrir farða.

Krem og rakamaski með töfraeiginleika

„Besta nýja vörn gegn öldrun“ er titill sem nýja Anti-Ageing kremið hefur unnið til á Pure

Beauty-verðlaununum í Bretlandi. Kremið inniheldur öflug náttúruleg efni sem hafa jákvæð áhrif á húðina, þar á meðal gerjuð granatepli og astaxanthin sem stuðlar að sterkara og yngra útliti húðarinnar. Kremið inniheldur að auki hafþyrni (sea buckthorn), apríkósu og sólblómaolíu en þetta dúnmjúka og rakagefandi krem

dregur úr sjáanlegum hrukkum og jafnar og stinnir húðina til muna sem og gefur húðinni unglegt og ljómandi útlit. New Nordic hefur að auki gefið út margverðlaunaðan rakamaska sem hefur stinnandi áhrif á húðina, dregur úr hrukkum og finum línunum ásamt því að gefa húðinni ljóma. Rakamaskinn hefur unnið til verðlauna sem

» New Nordic vörurnar hafa unnið til fjölda verðlauna.

„Besta nýja húðvaran“ í Bretlandi samkvæmt Asos meðal annarra. Umfram aðra rakamaska inniheldur ádurnefndur maski astaxanthin og hafþyrni (sea buckthorn) sem stuðlar að sterkari og yngra útliti húðarinnar sem og aðstoðar við að draga úr finum línunum og hrukkum. Þessi dúnmjúka rakabomba er frábær kostur til að næra húðina og veita daglegan ljóma.

Náttúrulegur salvi sem fjarlægir allan farða

Síðast en ekki síst er Pure and Nature Deep Cleansing Balm í nýju línunni sem er einstaklega rakagefandi og nærandi salvi sem fjarlægir allan farða og óhreinindi af húðinni, þar með talið maskara. Salvinn og skilur húðina eftir silkimjúka, ferska og hreina. Mælt er með að nota bætiefni samhliða húðvörnum fyrir sem bestan árangur. New Nordic eru sérfræðingar í að nýta mátt náttúrunnar og hafa New Nordic bætiefnin slegið í gegn hér á landi.

Töflur sem eru studdar af klínískum rannsóknum

Eftir því sem árin færast yfir minnkar kollagenframleiðsla frumanna og við það fara að myndast finar línur og hrukkur í húðinni auk þess sem hún tapar stinnleika sínum og raka. Skin Care Collagen Filler töflurnar hafa verið klínískt rannsakaðar á konum á aldrinum 26-58 ára með einstökum árangri. Töflurnar næra lifandi frumur sem framleiða kollagen djúpt í húðinni og hefðbundin krem ná ekki til. Collagen Filler er unnið úr sérstakri blöndu af jurtaefnum úr granateplum og þykkni úr karótíninu astaxanthin. C-vítamín leggur sitt af mörkum til að viðhalda eðlilegri kollagenframleiðslu húðfrumanna og hefur andoxunaráhrif sem minnkar meðal annars líkur á oxandi áhrifum af völdum geisla sólar. ■

Húðlínun í heild sinni fæst í Lyfjaveri og á Heimkaup.is

Hair Volume – fyrir líflegra hár

Aldrei haft jafn þykkt hár

„Eftir að hafa misst allt hár í krabbameinsmeðferð byrjaði ég að taka **Hair Volume frá New Nordic.**

Eftir 4-6 vikur fór hárið að vaxa aftur og ég hef aldrei haft jafnt löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta bætiefni inn.“

Edda Dungal

Söluastaðir: Flest apótek, heilsuhús og heilsuhillur stórmarkaða



Hair Volume inniheldur jurtir og bætiefni sem eru mikilvæg fyrir hárið og getur gert það líflegra og fallelgra.

Nánar á artasan.is



TÍSKAN

VIÐ FÖGNUM ÖÐRU ÁRI AF TÍSKU, GLAMÚR OG
STÍL MEÐ TILBOÐUM OG FJÖRI Í VERSLUN OKKAR
ÁRMÚLA 5
KOMDU OG FAGNAÐU MEÐ OKKUR



comma,

FALLEGT
FÁGAÐ
OG
TÖFF



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
10 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135377

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

Keypt & Selt

Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15,
Skiptiholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsuvörur

gott cbd.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is



**Starfsmannaskápar
Fataskápar
Geymsluskápar**



MECALUX



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is




geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Við eigum öll að fá tækifæri til þess að láta drauma okkar rætast



Margrét M.
Norðdahl



Þórir
Gunnarsson



Kolbeinn Jón
Magnússon

Höfundar eru myndlistarfólk. Þau flytja erindið Ekki gefast upp, látið draumana rætast á ráðstefnu Fjölmenntar um menntun fatlaðs fólks 30. mars 2022.

Það er ekki jafnrétti til menntunar á Íslandi árið 2022 og fólk fær ekki sömu tækifæri. Það er óréttlátt og verður að breytast. Samkvæmt lögum og samfélagslegum sáttmálum þá eiga öll rétt á að stunda nám á öllum skólastigum. Líka í háskóla. Það er hægt og til þess þarf vilja og fjármagn. Við skorum á stjórnvalda- og fjárfingarfólk að breyta þessu. Við eigum öll að fá tækifæri til þess að láta drauma okkar rætast.

Kolbeinn, Margrét og Þórir eru myndlistarfólk en hafa fengið mjög ólík tækifæri.

Þórir og Margrét eru jafngömul. Þegar þau kláruðu grunnskólánám árið 1994 gat Margrét sótt um í marga framhaldsskóla en Þórir engan. Það var engin starfsbraut í boði og Þórir hafði ekki rétt á því að halda áfram í námi þótt hann langaði og því fór hann að vinna.

Kolbeinn er yngri en Þórir og Margrét, þegar hann kláraði grunnskólann fór hann á starfsbraut í FB. Hann fékk ekki stúdentspróf eins og Margrét. Margrét gat sótt um í alls konar háskólanám um allan heim. Hana dreymdi um að fara í nám í myndlist. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist og fór í myndlistarnám í útlöndum. Kolbeinn gat ekki sótt um nám í háskóla af því að hann var ekki með stúdentspróf en hann dreymir um að fara í listnám eins og faðir hans, bræður og frændsystkin.

Margrét fór aftur í skóla í meistaranám. Í náminu gerði hún rannsókn á stöðu listafólks með þroskahömlun. Kolbeinn tók þátt í rannsókninni ásamt fleira listafólki. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu, að það er mikið ójafnrétti í listaheiminum og fatlað listafólk hefur mun færri tækifæri til þátttöku á öllum sviðum listaheimsins, listmenntunar og listiðkunar. Það kom líka fram að menntun skiptir miklu máli í þátttöku í listaheiminum og að fatlað fólk eins og annað fólk hefur mikinn áhuga á að mennta sig.

Kolbeinn ákvað að fara í Myndlistarskólann í Vinnustofu í myndlist. Þar hefur hann unnið að list sinni og sýnt mikið. Þórir byrjaði líka í Vinnustofu í Myndlist og eftir ár þar þá komust hann og Kolbeinn í eins árs nám í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun. Myndlistaskólinn fékk styrk fyrir að vera með námið í þrjú ár og fær stuðning áfram til að bjóða upp á námið 2022-2023. Námið veitir góðan grunn og undirbýr og styrkir nemendur til frekara náms í myndlist.

Þegar þeir útskrifuðust úr náminu sótti Þórir um í Listaháskóla Íslands og það Margrét, sem sér um eins árs námið, að aðstoða sig.

Í umsókninni sagði hann frá sínum námsferli sem hófst í Klettaskóla og frá því að honum bauðst ekki nám í framhaldsskóla. Umsóknin hans var tekin gild og honum var boðið í viðtal. Þetta er mikið afrek en Þórir er fyrsti umsækjandinn með þroskahömlun til að komast í inntökuvíðtal í Listaháskólanum.

Í viðtalinu var honum bent á að hann vantaði stúdentspróf sem væri mikilvæg forsenda fyrir því að komast inn í Listaháskólann en eins

og kemur fram hér á undan þá var ekkert framhaldsnám í boði fyrir Þóri eftir grunnskóla og hann hafði því enga möguleika á að fá stúdentspróf.

Þórir og Kolbeinn vinna oft saman að myndlist. Eftir útskrift úr eins árs náminu fóru þeir á námskeið í keramik og módelteikningu í Myndlistaskólanum og eru líka í Vinnustofu í myndlist. Þeir eru virkir í listum og menningu og vinna að því að byggja upp feril og efla sig


sem listamenn. Þórir fékk Múrbrjót Landsamtakanna Þroskahjálpar fyrir baráttu sína fyrir aðgengi að menntun og var útnefndur bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 2021. Fram undan er sýning hjá honum í Listasal Mosfellsbæjar. Kolbeinn hefur unnið verk í ýmsa miðla, tekið þátt í sýningum, framið gjörninga og meðal annars starfað með Nýlókörnum. Þá dreymir báða um að mennta sig meira í myndlist og ætla að sækja um í Listaháskólann í vor.

Það er mannréttindabrot að gefa fólki ekki jöfn tækifæri. Einu sinni máttu konur ekki mennta sig, fátækir ekki kjósa og í Bandaríkjunum mátti fólk með ólíkan húðlit ekki ganga í sama skóla svo nokkur dæmi séu tekin. Sem betur fer höfum við lært af mistökum fortíðar en baráttunni er ekki lokið því enn er það svo að öll nema fólk með þroskahömlun mega mennta sig.

Leyfum öllum draumum að rætast og breytum þessu strax! ■



Husqvarna OPAL 650
Verð áður 114.900 kr. / Tilboð: 94.900 kr.



Husqvarna Emerald 118
Verð áður 69.900 kr. / Tilboð: 59.900 kr.



Husqvarna Emerald 116
Verð áður 59.900 kr. / Tilboð: 49.900 kr.



Sennheiser HD-450BT
Verð áður 28.900 kr. / Tilboð: 19.900 kr.



Sennheiser CX-PLUS TRUE
Verð áður 27.900 kr. / Tilboð: 19.900 kr.



Sennheiser Momentum TRUE
Verð áður 47.900 kr. / Tilboð: 39.900 kr.



Borðlampi
Verð áður 15.900 kr. / Tilboð: 12.900 kr.



Borðlampi
Verð áður 14.900 kr. / Tilboð: 11.900 kr.



Góflamp
Verð áður 25.900 kr. / Tilboð: 19.900 kr.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra

Páls Örvars Garðarssonar

Guðfinna Kaldalóns Pálsdóttir Inge Henriksen
Helgi Hrafn Pálsson
Anna Margrét Jóhannsdóttir
Einar Örn Jóhannsson
Jórunn Sveinsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Björnsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli við Kleppsveg föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram þriðjudaginn 12. apríl klukkan 14.

Björn Kristjánsson Svanhildur Guðmundsdóttir
Sveinlaugur Kristjánsson Málfríður Jónsdóttir
Kristján Kristjánsson
Jóhanna Erla Pálmadóttir
Guðrún Rebekka Kristjánsd. Ómar Örn Ragnarsson
Maria Ingibjörg Kristjánsd.
 barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Andrés Jónsson

klæðskeri,
Byggðavegi 117, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 24. mars síðastliðinn umvafinn þeim sem þekktu hann best og elskuðu mest.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 5. apríl klukkan 13.00.

Guðrún H. Gunnarsdóttir
Vinný Magnúsdóttir Hreinn Sigtryggsson
Björgvin Örn Jóhannsson Sóley Hallgrímsdóttir
Vala Magnúsdóttir Einar Sigurjónsson
 afa- og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir

Daðastöðum,

lést á gjörgæslu sjúkrahússins á Akureyri miðvikudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 9. apríl klukkan 11. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á gjörgæslu sjúkrahússins á Akureyri fyrir hlýja og góða umönnun.

Gunnar Einarsson
Kristján Ingi Jónsson
Ólafur Daniel Jónsson Jóna Bergþóra Sigurðardóttir
Elísabet Gunnarsdóttir Aðalsteinn J. Halldórsson
Reynir Gunnarsson
Birkir Gunnarsson
 og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Egill Guðmundsson

frá Ólafsvík,

lést á dvalarheimilinu Jaðri miðvikudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 1. apríl kl. 13. Athöfninni verður streymt á kirkjanokkar.is.

Jónas Egilsson
Elísabet Eygló Egilsdóttir
Sveinn Egilsson
Elin Puriður Egilsdóttir
Guðmundur Gisli Egilsson
Sigurður Egilsson
Guðbjörg Egilsdóttir
Gústaf Geir Egilsson
Hólmar Egilsson
Sigurlaug Egilsdóttir
Agla Egilsdóttir
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Margrét Bjartmarsdóttir
Guðjón Kristinn Kristgeirsson
Guðlaug Jóhanna Steinsdóttir
Herdís Þórðardóttir
Guðbrandur Björgvinsson
Vaida Visockaite
Halldóra Einarsdóttir
Ingfófur Gauti Ingvarsson
Arnlfjótur Arnarson



Valdimar Trausti segir markmiðið að reyna að ná utan um þetta flókna samlífi með þverfaglegum rannsóknum.

MYND/KRISTINN INGVARSSON

Samlífi manna og örvera

Mörk mannsins og vistkerfisins eru mun óljósari en margan grunar. Samlífi manna og örvera verður til umræðu í Þjóðminjasafninu á morgun.

arnartomas@frettabladid.is

Í hádeginu á morgun fer fram málþing í Þjóðminjasafninu þar sem samband mannfólksins og örvera verður til umræðu. Málþingið er sprottið upp úr þverfaglegu verkefni sem hófst í fyrra þar sem þjóðfræðingar, mannfræðingar, líffræðingar og næringarfræðingar koma saman til að kanna samlífi manna og örvera.

„Það er ýmislegt sem við erum að finna út úr sem hefur ekki verið gert áður um hvernig okkar rannsóknaraðferðir leggjast saman,“ segir Valdimar Tr. Hafstein, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, sem tekur fyrstur til máls á þinginu. „Við erum sérstaklega að beina áhuga okkar að matarhátum og moltugerð sem eru áþreifanlegir þættir þar sem við getum markvisst skoðað þetta samlífi.“

Valdimar segir að verkefnið hafi komið til með nýjum hugmyndum um manneskjuna samhliða nýrri greiningartækni í erfðagreiningafræði.

„Á síðustu tíu til fimmtán árum hefur komið í ljós að við mannfólkið erum í raun ótrúlega flókið samfélag ótal margra tegunda, hvert og eitt,“ segir hann. „Þegar betur er að gáð eru ekki nema 45 prósent af frumunum í líkamnum okkar mennskar. Meirihlutinn af okkur tilheyrir því sem við köllum örverur og eru inni í okkur, á okkur og renna algjörlega saman við umhverfið. Mörkin okkar og vistkerfisins í kringum okkur eru mjög óljós.“

Og þar eiga félagsvísindin ekki síður erindi heldur en raunvísindin.

„Við erum hvert og eitt flókið samfélag tegunda sem er síðan hluti af mun stærra samfélagi,“ útskýrir Valdimar. „Markmiðið er að reyna að ná utan um þetta með blönduðum empiriskum aðferðum.“

Þarmaflóra og súrdeigsbakstur

Sem dæmi um samlífi manna og örvera bendir Valdimar á ýmis æði sem spruttu upp í faraldrinum.

„Í þessum veirufaraldri sem gekk yfir, þar sem við höfum verið í félagsforðun og einangrun, leitudu margir huggunar hjá vinveittum örverum,“ segir hann og bendir á vinsældir súrdeigsbaksturs. „Menn fóru líka að gera kimchi, osta, súrkál og annað – að gera mat og drykk



Við erum hvert og eitt flókið samfélag tegunda sem er síðan hluti af mun stærra samfélagi.

með hjálp frá örverum. Svo er það auðvitað moltugerðin sem hefur líka verið að færast í aukana.“

Út frá þjóðfræðinni og mannfræðinni segir Valdimar að viðtöl séu tekin við fólk og þátttökuathuganir gerðar, á meðan líffræðilegi vinkillinn sé að skoða hvað örverurnar séu að aðhafast á sama tíma.

„Svo er næringarfræðin auðvitað mjög mikilvæg þar sem viðfangsefnið kemur mikið inn á mikilvægi þarmaflórunnar þegar kemur að mataræði,“ segir hann. „Í haust förum við af stað með stóra inngrípsrannsókn þar sem við vinnum svo saman að því að kanna hvaða áhrif gerjaður matur getur haft í lífi fólks.“

Málþingið hefst klukkan tólf á morgun og aðgangur er ókeypis. ■



Okkar ástkæri

Örn Kristinsson

rafeindavirki,
Álfhólsvegi 74, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans þann 15. mars sl. Jarðarförin mun fara fram í Víðalinskirkju þann 1. apríl kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en aðstandendur vilja benda á styrktarreikning Ljóssins: 0130-26-410420, kennitala 590406-0740.

Streymi á jarðarför: <https://youtu.be/mony1gY53aU>

Jórunn Óskarsdóttir
Geirlaug Ingibergsdóttir
Elin Ýr Arnar Hafðisardóttir
Hlynur Arnarson
Tinna María Verret
Vilhelm Páll Sævarsson
Eydís Hulda Jóhannesdóttir
Daníel Már Davíðsson
 og barnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Lárusson

húsasmiðameistari,
Smárahvammi 11, Hafnarfirði,

lést á Borgarspítala sunnudaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 31. mars klukkan 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Einstök börn.

Unnur Einarsdóttir
Jón Ragnar Guðmundss. Hulda Ólafsdóttir
Elin Guðmundsdóttir
Lárus Jón Guðmundsson
Hólmfríður Guðmundsd.
Einar Bjarki Guðmundss.
Kristinn Frimann Kristinsson
Aðalheiður Ólöf Skarphéðinsd.
Amanda Jean Guðmundsson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Coffee Table

- sígild hönnun frá 1944

Hið víðfræga Coffee Table frá Vitra var hannað af Isamu Noguchi árið 1944 og hefur verið ein vinsælasta hönnunarvara Pennans síðustu ár.

Borðið er einstaklega fallegt og fæst nú á góðum kjörum til 30. apríl í verslun okkar í Skeifunni 10 og á penninn.is

Fætur borðsins fást í hnotu og svartbæsuðum aski.



Coffee Table, svartur askur

Tilboðsverð: 325.000 kr. | Verðlistaverð: 395.000 kr. | Verðlækkun: 70.000 kr.

Með borgaranum í liði

598

kr./pk.



Smash style hamburgarar
2x 120 g

679

kr./pk.



Smash style hamburgarar
2x 140 g

149

kr./pk.



Smash style hamborgarabrauð
2x stk. í pk.

459

kr./pk.



Hamborgarasósa
300 ml

598

kr./pk.



Hamborgarakrydd
120 g

Með
íslensku
flögusalti

598

kr./pk.



SPG krydd
130 g

598

kr./pk.



Benaissósa
300 ml

BÓNUS



Verð gildir til og með 3. apríl eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Gulu páskakertin eru komin

98

kr./stk.



**8x5
cm**

279

kr./stk.



**12x7
cm**

398

kr./stk.



**18x7
cm**

459

kr./24 stk.



24 unscented yellow
Tealight
Candles

**8 klst.
brunatími**

698

kr./pk.



Stjörnugris brunch pylsur
600 g

698

kr./pk.



Bónus súrdeigsbrauð
500 g

**100 kr.
verðlækkun**

698

kr./pk.



Stjörnugris kokteílpylsur
500 g

395

kr./pk.



Myllan heimilisbrauð
770 g


**100 kr.
verðlækkun**

1.998

kr./kg

**6 sneiðar
í pk.**

Íslandslamb
lambagrillpakki



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Málefni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknunum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011
- 14.35 Joanna Lumley og Silkileiðin
- 15.20 Líkamstjáning - Sviðs-skrekur
- 16.00 Okkar á milli Sóley Tómasdóttir.
- 16.25 Basl er búskapur
- 16.55 Kveikur
- 17.30 99% norsk
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hróturinn Hreinn
- 18.08 Millý spyr
- 18.15 Múminálfarnir
- 18.37 Eldhugar - Katia Krafft - eldfjallafræðingur
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins Briet
- 18.52 Víkinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál. Helstu fréttir dagsins eru krufðar og ljósi varpað á litríkt mannlíf um land allt.
- 20.05 Íslensku tónlistarverðlaunin Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Silfurbergi í Hörpu.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend Þriðja þáttaröðin um ítölsku vinkonurnar Eleno og Lilu.
- 23.15 Aftur að ljósinu Back Towards Light
- 00.30 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans


- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Kenan
- 15.25 MakeUp
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Celebrity Best Home Cook
- 20.10 Survivor
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Station 19
- 23.30 The Late Late Show
- 00.15 Berlin Station Spennuþáttaröð um CIA-starfsmanninn Daniel Miller sem er sendur í útibú leyniþjónustunnar í Berlín sem nýsnari.
- 01.10 9-1-1
- 01.55 NCIS. Hawaii
- 02.40 In the Dark
- 03.25 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Claws
- 10.10 Masterchef USA
- 10.50 Margra barna mæður
- 11.20 Matargleði Evu
- 11.45 Um land allt
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Skitamax
- 13.20 Gulli byggir
- 13.55 Líf dafnar
- 14.30 Framkoma
- 15.05 Atvinnumennirnir okkar
- 15.40 Lóa Pind. Snapparar
- 16.10 Last Week Tonight
- 16.40 Ireland's Got Talent
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Bætt um betur
- 19.40 First Dates Hotel
- 20.25 Grey's Anatomy
- 21.15 Outlander
- 22.15 Nach Raunverulegir og kómískir dramapættir sem fylgja eftir þremur ungmennum í gegnum ógleymanlegt sumar.
- 22.35 The Blacklist
- 23.15 MacGruber
- 23.40 NCIS
- 00.25 Grantchester
- 01.10 The O.C.
- 01.50 Claws
- 02.35 Masterchef USA
- 03.15 Framkoma
- 03.50 Last Week Tonight

Bíóbærinn rýnir í góðar ræmur

Bíóbærinn er á sínum stað í dagskrá Hringbrautar í kvöld en þar ráða ríkjum kvikmyndaunendurnir Árni Gestur og Gunnar Anton sem eru vanir því að fá til sín góða gesti til að rýna í góðar ræmur. Í þætti kvöldsins ræða kapparnir við Teit Magnússon, leikstjóra íslensku bíómyndarinnar Ugla, en eins verður fjallað um nýafstaðna Óskarsverðlaunaafhendingu sem er að verða frægari fyrir kinnhest en kvikmyndir.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 sverfa
- 5 viðbót
- 6 íþróttafélag
- 8 salta
- 10 titill
- 11 frostsár
- 12 flandur
- 13 gryfja
- 15 forvitinn
- 17 flott

LÓÐRÉTT

- 1 orka
- 2 klink
- 3 atvikast
- 4 bakatil
- 7 tolla
- 9 útvega
- 12 beisk
- 14 braut
- 16 suddi

LÁRÉTT: 1 raspa, 5 auk, 6 fh, 8 fresta, 10 ma, 11 kal, 12 rand, 13 góð, 15 námfús, 17 smær. LÓÐRÉTT: 1 rafmagn, 2 aura, 3 ske, 4 aftan, 7 haldast, 9 skafra, 12 róm, 14 rás, 16 úr.

Sudoku

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8				3			9
		6	7		5	2		8
	3	7		8	2			

7			8				1	6
		6			7			9
				4			8	
1				3				
	8	4	2	1				7
				5	3	2		
	1		7	8			6	5
	2	3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Laugardaginn 9. apríl gefur Fréttablaðið út sérblað um

KONUR Í UPPLÝSINGATÆKNI

Talsvert af ungum konum hafa fetað slóðina í upplýsingatækninni eða hafa áhuga á námi því tengdu. Út frá því langar okkur að tengja saman þessa póla sem sagt upplýsingatæknina, fyrirtækin og konurnar sem vinna í geiranum sem og að taka á náminu fyrir þær sem hafa í hyggju að fara þá braut á næstunni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins. Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

Boozt.COM

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

2-3 DAGA AFHENDING

MID SEASON SALE

Allt að 50%

FASHION KIDS SPORT BEAUTY HOME

Á skjánum



Jón Gnarr
listamaður

„Ég hef verið að horfa undanfarið á Last days of Ptolemy Grey og er gríðarlega ánægður með þá. Svo var ég að

horfa á Station 11 sem mér finnst alveg frábærir þættir. Yellow Jacket, ég er kannski orðinn aðeins of gamall, þetta er kannski of „young and hip“? Og svo hef ég líka verið að horfa á 1883. Ég gafst upp á því,

mér fannst það leiðinlegt stöff.

Ég hef ofsalega gaman af vísindaskáldskap og til dæmis var ég gríðarlega ánægður með fyrstu seríuna af Raised by Wolves. Mér fannst hún ógeðslega flott. En svo er ég eiginlega alæta. Ég horfi samt ekki á söngva- og dansadót, mér leiðist það. Mér leiðist almennt of mikil músík í hlutum,” segir Jón og hlær.

„Svo dett ég í hádramatískar seríur og til dæmis fannst mér I may destroy you einhverjir allra bestu þættir sem ég hef séð. Í fyrra fannst mér gamanserían White Lotus algjörlega æðisleg, með því betra sem ég hef séð mjög lengi.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFIAD 1988

AÐALFUNDUR Félags rafeindavirkja

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn **6. apríl 2022, kl. 17.30**, Fundurinn verður í Zoom fjarfundi. Zoo-linkur verður á heimasíðu FRV. www.rafeindavirkjar.is

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Ath. lagabreyting liggur fyrir fundinn.

14. gr. núverandi

Aðalfund skal boða skriflega með sjö sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Ef tillögur um breytingar á lögum félagsins liggja fyrir skal senda þær í síðasta lagi með fundarboði. Ennfremur skal birta fundarboð með auglýsingumí dagblöðum eða útvarpi.

14. grein breytingartillaga.

Aðalfund skal boða með sjö sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Ef tillögur um breytingar á lögum félagsins liggja fyrir skal senda þær í síðasta lagi með fundarboði rafrænt á félagsmenn. Enn fremur skal birta fundarboð með auglýsingum í fjölmiðli.

Reykjavík 30. mars 2022

Stjórn Félags rafeindavirkja



Bubbi Morthens er ekki ánægður með framkvæmd Íslensku tónlistarverðlaunanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Býður Bubba að reka sér kinnhest og ræða svo málin

Framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna svarar gagnrýni Bubba Morthens fullum hálsi, þar sem Bubbi gagnrýnir verðlaunin fyrir að sniðganga vinsælt popp. Verðlaunin eru afhent í kvöld í Hörpu.

ninarichter@frettabladid.is

„Held það sé kominn tími á að stofna ný samtök fyrir veitingu verðlauna til íslenskra tónlistarmanna og kvenna,” segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens í nýlegri færslu á Facebook. „Íslensku tónlistarverðlaunin eru komin í svo mikið bull að maður gapir. Á eftir ár eru vinsælustu lögin hunsuð,” segir Bubbi. „Vil nefna Frikka Dór sem á met í höfnun og met í fjölda vinsælustu laga seinni ára á Íslandi og núna Jón Jónsson með GDRN með vinsælasta lagið þetta árið,” segir hann. „Hvernig er hægt horfa fram hjá honum?“

Ekki verðlaun vinsældapopsins
Bubbi bætir við: „Ég gæti haldið áfram. Það hefur fjarad undan hátíðinni gegnum árin og allir tala um það í bransanum. Ég geri hér með líka. Tek fram þetta er ekkert persónulegt enda er ég tilnefndur í ár eins og svo oft áður,” segir Bubbi. „Ef vinsælustu lög þjóðarinnar eru ekki tilnefnd ár eftir ár er þá verið refsá þeim fyrir vinsældir sínar.“

Ísfirðingurinn Kristján Freyr Halldórsson er framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hann hefur áður gegnt starfi rokkstjóra Aldrei fór ég suður. Hann segir að Bubbi sneiði fram hjá mörgu þegar komi að Íslensku tónlistarverðlauninum. „Þetta eru ekki verðlaun vinsældapopsins, heldur er allt þarna undir. Þetta er byggt á breiddinni,” segir Kristján Freyr. „Við sjáum alla þessa flóru, sigilda tónlist, klassíska, raftónlist, rapp og hipphopp.“

Segir Bubba hafa rödd

Að sögn Kristjáns Freys hefur þannig margt komið upp úr pottinum síðustu ár. „Þetta er það sem sviður. Þetta eru þannig ekki hlustenda-verðlaun eins og þau heita annars staðar, en ég er aðdaandi þeirra



Kristján Freyr Halldórsson, framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna, segir hátíðina ekki vera verðlaun vinsældapopsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

verðlauna og finnst þau eiga fullan rétt á sér. Á Íslensku tónlistarverðlauninum er verið að skoða allt það sem þótti skara fram úr á síðasta tónlistarári.“ Hann bendir á að þannig sé um þverskurð að ræða. „Upp úr pottinum koma hlutir sem maður þekkir ekkert nógu vel og hnýtur um og sér eitthvað alveg nýtt.“

Kristján Freyr segist hvetja áhugafólk um tónlist til að skoða tilnefningarnar. Þar sé fólk sem ekki hafi rödd í bransanum, „eins og Bubbi Morthens hefur rödd,” segir hann.

„Sterkasta hlið verðlaunanna er að þarna koma hlutir fram sem ekki voru í spilun á útvarpsstöðvunum. Þetta er misskilningur, að þarna eigi heima vinsælasta poppið.“

Fjörutíu manns í dómnefnd

Allt að fjörutíu manns sitja í dómnefndum verðlaunanna. „Þetta er vel innréttad fólk sem fylgist með allan ársins hring. Ég byggji hópinn á breiddinni. Þarna eru hlutföll milli kynja og aldri. Þarna er fólk sem hefur fjallað um tónlist, búið til tónlist og hlustað á tónlist og ég veit að er málsmetandi í þessu,” segir hann. „Þess vegna stend ég í báðar lappir þegar ég segi að þessi umræða sem Bubbi er að brydda upp á, á ekkert rétt á sér,” segir hann.

„Þetta góða fólk í dómnefnd-

unum, sem hann er að úthrópa, vinnur af heilindum allt í gegn. En þau eru með ömurlegt verkefni í höndunum sem er að skila fimm nöfnum í hverjum flokki,” segir Kristján Freyr. „Það er erfitt verkefni og ekki öfundsvert. Og það er erfitt að mæla þetta, það var enginn sem hljóp fyrstur í mark eða lyfti þyngst.“

Vill að fólk samleðjist

Kristján Freyr kveðst vilja bæta við að allt sé þetta gert til að fagna íslenskri tónlistarflóru. „Mér finnst þess virði að fólk eigi að samleðjast og skilja að það er erfitt að stilla einhverjum upp og tilnefna aðra og skilja hina eftir. Það er erfitt þegar gróskan er svona stórkostleg.“

Hann kveðst hvetja fólk til að hlusta á alla breiddina og ekki aðeins vinsælasta poppið hverju sinni. „Ég er svo heppilega kallaður Kriss Rokk. Mig langar að bjóða Bubba að hitta mig formlega og gefa mér einn hressilegan kinnhest. Eftir það langar mig að bjóða honum upp á tebollu, ef ég verð ekki rotaður, og ræða málin,” segir Kristján Freyr. „Það má alveg gagnrýna hver er í pottinum og allt það, það á rétt á sér. En það er ekki verið að sniðganga einn né neinn í þessu, og þetta gefur góða mynd af því hverjir voru að skara fram úr hverju sinni.“ ■

unicef  fyrir öll börn

Heimsins mikilvægasta ≡ kvöld ≡

2. apríl, 19:45 á RÚV

Heimsforeldraátak UNICEF á Íslandi nær hámarki með söfnunar- og skemmtipætti í beinni útsendingu á RÚV. Fram koma Kanarí, Birgitta Haukdal, Páll Óskar, Jón Gnarr, Bassi Maraj ásamt landsliði hátt í hundrað skemmtikrafta. Einstök dagskrá sem skemmtir og kveikir von – fylgist með á laugardagskvöldið!



LINDEX



TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*



RICHMOND

Borðstofuborð, olíuborin eik með fiskibeinamyndstri. Ø120 cm.

80.642 kr. -99.990 kr.

* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema littala, Bitz, Skovby og sérpöntunum. Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



Tískuverslun með danskar áherslur

Fataverslunin FOU22 er samstarfsverkefni tveggja kvenna sem segja fatabransann gríðarlega skaðlegan umhverfinu. Þær taka á móti notuðum flikum og byggja hugmyndina á danskri fyrirmynd.

svavamarin@frettabladid.is

Elin Björg Björnsdóttir og Diljá Ólafsdóttir opnuðu nýverið fataverslunina FOU22. Þær segjast vilja leggja sitt af mörkum til umhverfisins með því að gefa viðskiptavinum tækifæri til að skila flikum verslunarinnar innan árs og fá inneign í staðinn, sem þær kalla Pre-loved.

„Þetta er okkur hjartans mál þar sem fatabransinn er algjör svínastía fyrir umhverfið. Ég hef starfað í sölu- og markaðsmálum hjá Tommy Hilfiger síðastliðin ár, og öðrum fataverslunum þar áður, þannig að ég vil nota þá reynslu og áhuga á nýhugsandi hátt fyrir umhverfið,“ segir Elin Björg.

Danir á undan í endurnýtingu

„Ég held að þetta fari að verða normið í dag, að kaupa second-hand vörur. Ég veit að nokkur dönsk merki eru að taka á móti notuðum flikum, sem dæmi Ganni,“ segir Elin sem telur Dani vera framar í þessum málum en Íslendinga.

Að sögn Elínar verða flikurnar hjá FOU22 sem falla undir Pre-loved konseptið með grænu laufi. „Viðskiptavinir geta skilað þeim flikum til okkar, og fengið inneign í staðinn.“

Við þurfum að hafa einhvern tímaramma og ætlum að byrja á að miða við að flikurnar séu keyptar á síðustu tólf mánuðum, og eru alveg líkur á að við teygjum okkur upp í tvö ár ef flikurnar eru vel með farnar,“ segir Elin.

Íslendingar áhugasamir

„Við höfum strax fundið fyrir miklum áhuga frá fólki. Við bárum hugmyndina einnig undir framleiðendur merkjanna til að heyra hvort þau væru ekki alveg örugglega sam-



Elin og Diljá reka verslunina FOU22 frá Danmörku og Íslandi.

MYND/ÆSEND



Hugmyndin kom eftir að Elin fór sjálf að selja notaðar flikur.

MYND/ÆSEND

þykk þessari viðskiptahugmynd, sem þau lukkulega tóku ótrúlega vel í,“ segir Elin.

Að sögn Elínar kom hugmyndin upp eftir að hún sjálf fór reglulega að selja notaðar flikur sem oft sést afar lítið sem ekkert á.

„Ég hef alltaf reglulega selt föt á dönskum öppum, út frá því höfðum við hugsað hvort það væri sniðugt

ef maður gæti fundið notuð föt og keypt frá tiltekinni verslun. Við vorum mikið búnar að þæla í hvernig við gætum gert þetta og fjárhagslega séð gæti kunninn selt fatnaðinn til okkar og fengið inneign í staðinn. Við erum nýbyrjaðar að fá notaðar flikur til baka sem er ótrúlega gaman, og að sjá að þetta virkar,“ segir Elin.

Hún segir að þær séu rétt að byrja og dreymi um að koma þessari hugsjón inn til fleiri landa, en þær ætla að einbeita sér að Íslandi. Að minnsta kosti í bili.

Framtakssamir Hrútar

Að sögn Elínar mynda þær Diljá saman mjög góða liðsheimild, „Við erum mágkonur og góðar vinkonur, en svo erum við líka báðar Hrútar og afar framtakssamar,“ segir hún og brosir.

Elin er búsett ásamt fjölskyldu sinni í Danmörku og segir að það gangi ótrúlega vel að vera hvor í sínu landinu.

„Ég sinni innkaupum fyrir verslunina og er stór partur af vinnunni hér í Danmörku, þannig spörum við okkur ferðir fram og til baka,“ segir Elin. Diljá sinnir hins vegar sínum hluta rekstursins á Íslandi. ■

Berum bossum skipt út fyrir forboðnar ástir

NETFLIX

Bridgerton

2. þáttaröð

Framleiðandi: Chris Van Dusen fyrir Shondaland

Nina Richter

Önnur þáttaröð periódu-dramans Bridgerton er mætt á streymisveituna Netflix. Aðdáendur fyrri seríu biðu fullir eftirvæntingar eftir fleiri skandöllum á „sisoninu“, stærri hárkollum, þrengri lífstykkjum, fráhnepptari herraskyrtum og hugsanlega meiru af kynlífssenum, sem fór mikið fyrir í fyrstu þáttaröðinni.

Bridgerton er sykurhúduð nítjándu aldar saga sem er framleidd til að láta áhorfendum líða vel. Þeir sem ætla að fetta fingur út í sagnfræðilegan áreiðanleika þurfa að finna sér eitthvað annað að horfa á. Rödd sögumanns, slúdurrottningarinnar Lady Whistledown, leiðir áhorfandann í gegnum helstu persónur og leikendur, á sama hátt og Gossip Girl gerði fyrir fimmtán árum síðan.

Í annarri þáttaröð Bridgerton er búið að sprengja blöðruna og áhorfendur vita hver slúdurrottningin er, þó að sögupersónur viti það ekki. Slúðrarinn sáldrar þannig drama inn í söguna í passlegum skömmtum,



Persónur stíga hægan tangó og ástin er forboðin.

MYND/SKJÁSKOT

sem er skemmtilegur still og gefur framleiðendum tækifæri til að hafa góða stjórn á framvindunni.

Fyrri þáttaröðin hverfðist um Daphne Bridgerton og stormasamar ástir hennar og „Jarlsins“. Í seinni þáttaröð hefur fókúsin nú færst yfir á elsta Bridgerton-bróðurinn, Anthony, sem þarf í upphafi sögu að finna sér konu. Anthony er jafn praktískur og þver og hann er myndarlegur, en þættirnir útskýra forsendur persónuleikans með ófrumlega framsettri baksögu. Á þessu sama sumri eru hinar indversku og sláandi fögru Sharma-systur komnar til Lundúna, í því skyni að finna mann fyrir yngri systurina, Edwinu. Eldri systirin, Kate Sharma, er einmitt gullfalle en líka stjórnsamur þverhaus, ekki ólíkt

Anthony. Það skyldi þó ekki vera að þau ættu samleió?

Persónur stíga hægan tangó og ástin er forboðin. Þau fara seint og sjaldan úr fötunum. Þetta hefur valdið svekkelsi á heimsvísu meðal áhorfenda sem horfa á Bridgerton til þess að horfa á allsbert fólk í faðmlögum. Burðarpersónur eru þó áhugaverðari, betur skrifaðar en í fyrri þáttaröð og forboðna ástin ansi sannfærandi. ■

NIDURSTAÐA: Fyrir þá sem sætta sig við færri rassa og geirvörtur en í síðustu þáttaröð er önnur þáttaröð Bridgerton virkilega vel heppnuð og skemmtileg. Aðalpersónurnar eru skemmtilegri og fyndnari og hliðarstef með aukapersónum fantagóð.



ALFRED FANNAR
BJÖRNSSON

BBQ-KÓNGURINN



PÁSKA BORGARINN SHAMROCK

2.290^{KR}
M/FRÖNSKUM

ÍSLENSKT NAUTAHAKK, 20% FITA • BEIKONKURL HAKKAÐ SAMAN VIÐ
HVÍTLAUKS-AIOLI • 2 X GOUDA-OSTUR • BEIKON-JALAPENO-SULTA
SALATBLAÐ • TÓMATSNEIDAR

ALVÖRU BRAGÐBOMBA SEM BBQ-KÓNGURINN ALFRED FANNAR BJÖRNSSON
SETTI SAMAN FYRIR GRILL 66



GRILL66.IS

Bakþankar



Láru G.
 Sigurðardóttur

Lagst undir feld

Um aldamótin 1000 skiptust þingmenn í tvo hópa, heiðna og kristna, sem stefndu í að kljúfa þjóðveldið. Sagan segir að hinn heiðni Þorgeir Ljósvefningagoði hafi lagst undir feld til að finna lausn á ágreiningi þessum. Lá hann undir feldi þar til næsta dag þá hann sagði upp þau lög að allir skyldu taka kristni. Til málamíðlana máttu menn áfram éta hrossaket, bera út börn og blóta heiðin goð á laun.

Enn þann dag í dag hneigjumst við til að skiptast í tvo hópa, með skoðanir þar sem hvorugur hlustar á hinn. Fyrir rúmu ári lagðist ég undir feld og sendi inn ítarlega umsögn um nikótínfrumvarpið. Riflega tíu umsagnir bárust en til samanburðar sendu 1.600 Íslendingar inn umsögn fyrir frumvarpið um breytingu á staðarklukkunni.

Verst þykir mér þegar skoðana- leysi bitnar á ungdómnum. Menn hafa meiri áhyggjur af klukkunni en krökkunum. Nú hafa nikótín- púðar fengið að flæða um landið líkt og íslenska rigningartíðin. Ekki nóg með að lög um rafsígarettur séu meingölluð líkt og komið hefur á daginn heldur hafa stjórnvöld litið kært sig um að forða unglingum frá gildru nikótíns. Sem er miður, því nikótín er skaðlegt eiturefni. Þá er styrkleiki nikótín-púða varhuga- verður. Nikótín í einum púða getur jafngilt því að reykja fjórar sigarettur einu, sem margfaldar líkur á því að neytandinn verði fikill. Það þekjum við af rafsígarettunum Juul sem voru bannaðar í San Francisco því unglingar ánetjuðust þeim hratt, flosnuðu upp úr skóla og sýndu persónuleikabreytingar.

Er ekki kominn tími til að þingmenn leggist undir feld og kynni sér almennilega áhrif nikótíns í samfélaginu? Það er okkar að vernda ungdóminn, en það má leyfa hinum fullorðna að blóta nikótíni á laun sem málamíðlun. ■

Frumssýning í föstudag

SIJÓ ÆVINTÝRI UM SKÖMM

TYRFINGUR TYRFINGSSON

Fjölbreytt úrval sýninga í apríl og maí!

Nýjar auka- sýningar!

FRAMÚRSKARANDI VINKONA

VERTU ÚLFUR

Sýning ársins!

★★★★★ Ebl, S.J. 7 Grimverðlaun

Snarpur sýningartími!

Ást og upplýsingar GARYL CHURCHILL

Umskiptingar SIGRÚN ELDJARN

★★★★★ Mbl, SBH

Allar helgar í apríl og maí

Síðustu sýningar

ÁSTA

KARDE MOMMU BÆFINN

Ósóttar pantanir seiddar daglega

Síðustu sýningar

Sjitt, ég er 60+

Hádegis leik húsið

Alla fimmtudaga

GÓÐAN DAGINN FAGGI

Þjóð leik húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

UMHVERFISMERKI

pappír umhverfið prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
 litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is